
	Hafnarfjarðarbær
Innk:	9/9 2016
Málenr:	1608555
Bréfali:	571.4



Úrskurðarnefnd  
umhverfis- og auðlindamála

Hafnarfjarðarbær  
Ráðhús Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Mál nr. 118/2016

Reykjavík, 8. september 2016

Meðfylgjandi er afrit kæru, dags. 7. september 2016, ásamt fylgigögnum þar sem kært er samþykkt framkvæmdaleyfi fyrir göngustíg að Linnetsstíg 9b.

Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða.

Vegna framkominnar stöðvunarkröfu er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða fyrir 15. september nk. og er bæjaryfirvöldum gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna til sama tíma. Frestur til að gera athugasemdir vegna kærunnar að öðru leyti er 30 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Virðingarfyllst,



Helena Þráinsdóttir ritari



7. SEP. 2016

Úrskurðarnefnd  
umhverfis- og auðlindamála

**Bráðabirgðakæra vegna framkvæmdaleyfis útgefnu af Hafnarfjarðarbæ um gerð göngustígs í gegn um þinglýsta erfðafestulóð sem tilheyrir Linnestíg 9a.**

Kærð er ákvörðun um framkvæmdaleyfi tekin á afgreiðslufundi skipulags- og byggingafulltrúa 24. ágúst 2016. Í erindinu kemur fram „Óskað er eftir framkvæmdaleyfi til að gera stíg að Linnestsstíg 9b. Stígur er staðsettur á bæjarlandi og er miðað við að svæði bæjarins sé samkvæmt svörum línunum“.

Í afgreiðslu fundarins segir „Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa samþykkir framkvæmdaleyfi vegna stígs samanber 13 gr. laga nr. 123/2010“.

#### Málavextir

Í september árið 2015, fyrir um ári síðan, hófu starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar að mæla lóð Linnestsstígs 9A. Var það eigendum lóðarinnar að óvörum að gera ætti göngustíg í gegnum lóð þeirra. Í kjölfarið fengu þau fund með starfsmönnum skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar. Eftir fundinn sendu þau andmælabréf, þar sem því var mótmælt að bæjaryfirvöld myndu leggja göngustíg í gegnum lóð þeirra. Þann 17. nóvember 2015 varð þeim svo ljóst að fjallað hafði verið um mál þeirra á fundi skipulags- og byggingafulltrúa 11. nóvember 2015, eftir að kunningjakona þeirra tjáði þeim að hafa fundið afrit af erindi byggingarfulltrúa sem sneru að þeirra málefnum á hárgreiðslustofu. Eigendur Linnestsstígs 9a hafa aldrei fengið tilkynningar um fyrirhugaðar framkvæmdir og hafa fregnir þeirra af málinu komið til af tilviljanakenndum atburðum. Þetta var einungis upphafið af valdniðslu og óvandaðri málsmeðferð af hálfu sveitarfélagsins. Beiðni um rökstuðning var send í kjölfar afgreiðslu skipulags- og byggingafulltrúa. Var hún send 7. desember 2015 og hefur því enn ekki verið svarað af hálfu sveitarfélagsins, þrátt fyrir að hafa verið margítrekað, símleiðis og með tölvupósti. Nú liggur fyrir að Hafnarfjarðarbær hyggst bráðlega leggja göngustíg í gegnum lóð sem tilheyrir Linnestsstíg 9a. Nú á grundvelli nýlegs framkvæmdaleyfis, dags. 24. ágúst 2016. Starfsmaður á vegum bæjarins mætti þann 6. september 2016 til að fá að ræða frágang á göngustígnum.

Málið verður rakið með ítarlegum hætti í kærú sem skilað verður inn í framhaldi af þessari kærú. Vegna aðkallandi aðstæðna töldu undirrituð rétt að gera stuttlega grein fyrir málavöxtum og óska eftir frestun réttaráhrifa á framkvæmdaleyfinu.

#### Kæra

Afgreiðsla framkvæmdaleyfisins er ekki í nokkru samræmi við 13. gr. laga nr. 123/2010. Ekki hefur verið fjallað um stíg í deiliskipulagi og ekki hefur farið fram grenndarkynning, sbr. 5. mgr. 13. gr. laganna. Af lóðarleigusamningi er ljóst að gangstígur er innan lóðar undirritaðra. Af framkvæmdarleyfinu er ljóst að ákveðið hefur verið að hunsast það. Ákvörðun um framkvæmdaleyfi er kærð og óskað er eftir því að réttaráhrifum ákvörðunarinnar verði frestað þar sem ákvörðunin sé haldin verulegum efnis- og formannmörkum og framkvæmdin er yfirvofandi, sbr. 5. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Meðfylgjandi eru:

1. Framkvæmdarleyfi, dags. 24. ágúst 2016.
2. Beiðni um rökstuðning, dags. 7. desember 2015, og fylgiskjöl

Hafnafirði 7. September 2016

Björk Ágústsdóttir

Kári Húnfjörð Einarsson





## Leita á vefnum

Leit á vef Hafnarfjarðar

Leita

Þú ert hér Forsíða / Stjórnsýsla / Stjórnarsýslan / Fundargerðir

## Fundargerðir

Til baka

Prenta

### Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa - 627

Haldinn í fundarherbergi Norðurhelli 2,  
24.08.2016 og hófst hann kl. 13:00

Fundinn sátu: Hildur Bjarnadóttir. Þormóður Sveinsson. Guðrún Guðmundsdóttir.  
Gunnþóra Guðmundsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hildur Bjarnadóttir

### Dagskrá:

#### A-hluti byggingarleyfa

##### 1. SB060858 - Skarðshlíð (áður Vellir 7. áfangi), deiliskipulagsvinna.

Nýsamþykkt deiliskipulag gerir ráð fyrir breytingu á gatnagerð, sem kallar á 2 ný gatnanöfn. Lagt er til að önnur gatan fái nafnið Brenniskarð þar sem áður var Bergsskarð, til vinstri frá Hádegistorgi, og hins vegar Geislaskarð sem áður var Apalskarð til hægri frá Hádegistorgi.

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa samþykkir erindið

##### 3. 1210097 - Fléttuvellir 35, hlaðinn veggur á lóðarmörkum.

Tekið fyrir að nýju en árið 2013 var eigenda Fléttuvalla 35 synjað um að hafa hlaðinn steinvegg á lóðarmörkum, lóðar/götu, var honum gert að fjarlægja steinvegginn sem ekki hefur verið gert.

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa samþykkir að leggja dagsektir á eiganda að Fléttuvöllum 35, sem eru 20.000 kr á dag frá og með 24.08.2016 í samræmi við 56. gr laga um mannvirki nr. 160/2010, þar sem eigandi hefur ekki sinnt erindinu frá 2013.

**4. 1608405 - Glitvellir 24, reyndarteikningar**

Einar Dagfinnur Klemensson kt.100680-4679 leggur þann 19.08.2016 inn reyndarteikningar. Byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010

Glitvellir 24, umsókn um byggingarleyfi 001.tif

**5. 1608418 - Hnoðravellir 28 breyting á áður samþykktum teikningum**

Haghús ehf kt 5609033320 sækir þann 19.08.16 um leyfi til að v.yta áður samþ. teikningum samk, teikningu frá Jóni Hrafni Hlökkversyni. byggingarfræðingi dags. 18.07.16

Afgreiðslu frestað, gögn ófullnægjandi.

Hnoðravellir 28, umsókn um byggingarleyfi 001.tif

**6. 1511273 - Norðurhella 5, breyting á lóð**

Tekið fyrir að nýju.

Tæki.is sækir 24.11.15 um breytingu á framhlið og lóð samkvæmt teikningum Halldórs Hannessonar dag.05.10.15

Nýjar teikningar bárust 29.1.2016

Nýjar teikningar bárust 16.3.2016

Nýjar teikningar bárust 18.08.2016

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010

**7. 1608716 - Stekkjarhvamur 64, dagsektir, 0101 ólöglegur pallur og skjólveggur**

Við Stekkjarhvamur er búið að gera sólpall og skjólveggi án tilskilinna leyfa, eiganda 0101 var sent bréf þess efnis og hann ekki brugðist við því.

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa samþykkir að leggja dagsektir á eigenda 0101 að Stekkjarhvamur 64, sem er 20.000kr á dag frá og með 24.08.2016 í samræmi við 56.gr laga um mannvirki nr. 120/2010, þar sem eigandi hefur ekki lagt inn gögn og sótt um leyfi fyrir sólpall og skjólvegg.

**8. 1606028 - Lækjarberg 30, breyting**

Tekið fyrir að nýju.

Magnús Magnússon sækir 1.6.2016 um breytingar innanhúss og viðbyggingu skv. teikningum T.ark dags. 1.6.2016. Nýjar teikningar bárust 23.06.2016. Teikningar bárust 28.06.16 Nýjar teikningar bárust 30.06.16.

Erindið var grenndarkynnt, engar athugasemdir bárust.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010

**9. 1608298 - Flatahraun 13, breyting**

Festi fasteignir ehf sækir 17.08.16 um breytingar vegna athugasemda v/ lokaúttektar samkvæmt teikningum G.Odds Víðisonar dags.01.06.16 Uppfærður texti brunahönnuðar og brunaskýrsla fylgja með.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010

**Flatahraun 13, breyting.tif**

**10. 1608396 - Þrúðvangur 8, viðbótarbílastæði, byggingaleyfi**

Ívar J Arndal sækir 18.08.16 um viðbótarbílastæði á lóð. samkvæmt teikningum Karl-Erik Rocksén dag.18.08.16. Nýjar teikningar bárust 23.08.2016.

Afgreiðslu frestað, gögn ófullnægjandi.

**Þrúðvangur 8, umsókn um viðbótarbílastæði 001.tif**

**B-hluti skipulagserindi****2. 1608555 - Linnetsstígur, stígur að lóð 9b**

Umhverfis- og skipulagsþjónusta óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna stígs á bæjarlandi að Linnetsstíg 9b.

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa samþykkir framkvæmdaleyfi vegna stígs samanber 13 gr. laga nr. 123/2010

**Linnetsstígur - stigur 2016.pdf**

**11. 1606481 - Krókahraun 2, bílskúr**

Margeir Sveinsson sækir 27.06.16 um ósk um endurnýjun bílskúrsréttar með breyttri staðsetningu (sjá meðf. gögn). Samþykki fyrir mögulegum öðrum bílskúr við hliðina á síðari stigum (tvöfaldur bílskúr). Betri skýring kæmi með teikningu á síðari stigum og að undangegnu samþykki.

Vísað til skipulags- og byggingarráðs þar sem ekki er til deiliskipulag af svæðinu.

**umsókn um bílsk..pdf**

**afstöðuteikning.pdf**

**12. 1608200 - Hraunhvammur 4, fyrirspurn til skipulags- og byggingafulltrúa**

*Anna Lilja Sigurðurdóttir leggur 11.8.2016 inn fyrirspurn varðandi hækkun á þaki og 2 kvista hvoru megin á ofangreinda húseign.*

*Lögð fram umsögn skipulagsdeildar.*

Tekið er neikvætt í erindið með hliðsjón af umsögn skipulagsfulltrúa dagsett 19.08.2016

Skissur.pdf

Hraunhvammur 4 1608200 fyrirspurn stækkun.doc

**13. 1608295 - Selvogsgata 12, fyrirspurn**

*Gunnar Agnarsson leggur fram 17.08.16 fyrirspurn um að breyta deilisskipulagi til að byggja íbúðar ris með kvistum í samræmi við umhverfið. Samkvæmt teikningum og skissum frá Gísla Gunnarssyni.*

Með vísan til hverfisverndar er umsækjanda bent á að leita eftir umsögn frá Minjastofnun Íslands vegna fyrirhugaðra breytinga.

Selvogsgata 12, fyrirspurn 001.tif

Selvogsgata 12 teikningar.pdf


**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00**

Til baka

Prenta







- SKÝRINGAR:**
- HÁMMARIS BYGGINGARETTUR
  - ÚTLINDUR BYGGINGA
  - BLAUSTÆÐI INNAN LÖÐAR
  - FLATARMÁL LÖÐAR
  - NÚMÉR LÖÐAR
  - MÆNISSTÆPNA
  - HORNÞUNÐAR LÖÐA
  - ÞLÖGSKRÁRNÚMÉR
  - LANDNÚMÉR
  - BYGGING RÍFIN
  - STGR NÚMÉR AÐLIGJALNDI LÖÐANLAÐA

**HINTASKRÁ:**

35570.119	390775.510	1
35570.200	390794.446	2
35570.204	390794.446	3
35570.206	390794.446	4
35570.208	390794.446	5
35570.210	390794.446	6
35570.212	390794.446	7
35570.214	390794.446	8
35570.216	390794.446	9
35570.218	390794.446	10
35570.220	390794.446	11
35570.222	390794.446	12
35570.224	390794.446	13
35570.226	390794.446	14
35570.228	390794.446	15
35570.230	390794.446	16
35570.232	390794.446	17
35570.234	390794.446	18
35570.236	390794.446	19
35570.238	390794.446	20
35570.240	390794.446	21
35570.242	390794.446	22
35570.244	390794.446	23
35570.246	390794.446	24
35570.248	390794.446	25
35570.250	390794.446	26
35570.252	390794.446	27
35570.254	390794.446	28
35570.256	390794.446	29
35570.258	390794.446	30

35598.044	390773.493	31
35598.046	390773.493	32
35598.048	390773.493	33
35598.050	390773.493	34
35598.052	390773.493	35
35598.054	390773.493	36
35598.056	390773.493	37
35598.058	390773.493	38
35598.060	390773.493	39
35598.062	390773.493	40
35598.064	390773.493	41
35598.066	390773.493	42
35598.068	390773.493	43
35598.070	390773.493	44
35598.072	390773.493	45
35598.074	390773.493	46
35598.076	390773.493	47
35598.078	390773.493	48
35598.080	390773.493	49
35598.082	390773.493	50
35598.084	390773.493	51
35598.086	390773.493	52
35598.088	390773.493	53
35598.090	390773.493	54
35598.092	390773.493	55
35598.094	390773.493	56
35598.096	390773.493	57
35598.098	390773.493	58
35598.100	390773.493	59
35598.102	390773.493	60

**MELIBLAD Í VINNSLU**

**BRETTINGAR:**

A: REYKJAVÍKUR 4B BRETTI LÖGMAKRS SVV. BEGLARÓLDI 1.10.1984  
 B: HVERFISGATA 4A OG 8. BRETTI LÖGMAKRS SVV. BEGLARÓLDI 10.7.1984  
 C: LINNETSSTÍGUR 8B. LEYFD AFNÖT AF 90M² SPJÓDU TL. REKTUNAV  
 D: BRETTI DEILISPUPLAG SVV. SÍPULLAERNIÐ 21.02.2001 OG  
 BEGLARÓLDI 10.2.1988  
 E: HVERFISGATA 11 OG 13 SAMMENNARI EYNA LÖB  
 F: REYKJAVÍKUR 4B OG 8B. BRETTI DEILISPUPLAG SVV. SÍPULLAS OG  
 G: HVERFISGATA 11. LÖGMAKRS SVV. BEGLARÓLDI 1.10.1984  
 H: HVERFISGATA 11. LÖGMAKRS SVV. BEGLARÓLDI 1.10.1984

**HAFNARFJARDARBAER**  
**SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ**

AUSTURGATA 3-19 REYKJAVÍKURVEGUR 4B  
 HVERFISGATA 4-16 LINNETSSTÍGUR 9A-9B  
 MELIBLAD  
 21.841,6

**MIDBAER HRAUN**

Telkn.nr.: XXX,XXX  
 Mælt: IR  
 Samþykkt Mik  
 M.v.: 1:500  
 Dags: 12.2013  
 Breytt: 2  
 Blaðst.: A3

Jóhann Björnsson  
(Hverfirg. 16A)  
Linnetslógi 9A.

576

### Bæjarstjórnin í Hafnarfirði

Kuungjörfr: Samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar á fundi hennar 11. nóvbr. 1913 og 30. nóvbr. f. á.  
er herra húsamaði Kristjáni Jónssyni hjór í þessum

leigd á erfðafestu löð suðvestan við Lóð Linnets kaupmanns, er útm. list þannig: meðfram Lóð Guðmundar Sigurjónssonar, sem liggur frá austri til norðaustan við Austurbyggju, að Linnetslóð 12 n. l. frá suðurherni þessara línu er Lóðin 13 n. löng, m. l. til norðausturs meðfram "Linnetslóð". - Að norðaustan er Lóðin 12 n. l. til norðvesturs, en frá því hornmarki er m. l. til suðvesturs að vesturherni Lóðarinnar, meðfram norðvesturmarki Lóðarinnar. - Er Lóðin þannig alls að flatarmáli 156 fermetrar. -

Leiguskiptingardóttir eru þessir:

1. gr.

Lóðin er leigd til þess að byggja á henni hús og önnur mannríki, svo og til verkunnar og yfir höfuð til herra verklegra og vanalegra afnota, er eigi koma í bága við fyrirskipanir eiga- og byggingarnefndar og fyrirmæll lögreglu- og heilbrigðisunþykta.

2. gr.

Lóðin er leigd til erfðafestu, þannig að leigulíði hefir rétt til að selja og veðsetja afnotarétt sinn til Lóðarinnar ásamt húsum og mannríkjum á henni, en tilfi hann selja erfðafesturétt sinn að öllu eða nokkru leyti, hefir bæjarstjórnin forkauparétt.

3. gr.

Í leigu eftir löðina greiði leigulíði áv. hvert, fyrir 1. októbermánuðar, til gjaldkera bæjarjóðs kr. 9.36-niu-kronur, 36 aurar, - sem er 4% af virðingargærdi Lóðarinnar eftir máli fasteignarnefndar. - Gjaldldagi hinn fyrsti er 1. oktr. 1916. -

Hús og önnur mannríki á löðinni eru að veldi fyrir löðaryfaldinu, og sé það eigi greitt í ákæðinu gjaldldaga, má þef til lökningar gjöra fjárndm í húsum öllum og mannríkjum á henni án löms og laga, samkvæmt 15. gr. laga 16. desbr. 1889, um lögluk og fjárndm án undanfarsins löms eða sdttar.

Hafnarjarðarbær
Innk: 20.11.1915
Málsnr: 1504362
Stofn: 528.1

4. gr.

Flytji leigulíði öll húsa af lóðinni eða fellti þau niður á einheern hátt og greiði eigi lóðargjaldíð, gengur samningur þessi út gildi, og fellur lóðin þá aftur til eiganda áu uppsagnar.

5. gr.

Innan þju mánaða frá undirskrift samnings þessu skal leigutaki eða umráðamaður lóðurinnar hafa selt glegg og varanleg merki um lóðina, er sgni hornmörk hennar.

6. gr.

Leigulíði greiði alla skatta og gjöld til hins opinbera, er lögð kunna að verða á erfðafestulóðir sem gjaldstofu.

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði, hinn 18. febr. 1916

*Leigutaki*



Víð erfðafestubrúfi, sem þessu er samhljóða, hefi eg tekið, og skilubúið mig til þess að halda skilmála þess í öllum greinum.


Hafnarfirði, hinn 18. febr. 1916

Vitundarveitar:

*Kristján Jónsson*

*Björgvar Þorjónsson*  
*Ólafur Þorvaldsson*

Fylgiskjal 3 bls. 3/3



**SKÝRNINGAR:**

- HAMMARKS BYGGINGARETTUR
- ÚTLINUR BYGGINGA
- BILAST/EÐI INNAÐ LÖBAR
- FLATAMÁL LÖBAR
- NÚMÉR LÖBAR
- MENNISTEYNA
- 10 HORNPUNKTAR LÖBA
- 10000010 ÞJÓSKRÁRNÚMÉR
- 160251 LANNUMÉR
- BYGGING RIFIN
- 23.221.1 STGR.NÚMÉR AÐLIGSLAUN LÖDBLAÐA

**HINTASKRÁ:**

355791919	392775.501	1	355808444	399722.339	21
355792000	392775.501	2	355808444	399722.339	22
355792056	399774.494	3	355792272	392772.001	23
355792096	399774.494	4	355792272	392772.001	24
355791552	399774.494	5	355792056	399774.494	25
355791552	399774.494	6	355792096	399774.494	26
355791552	399774.494	7	355791552	399774.494	27
355791552	399774.494	8	355791552	399774.494	28
355791552	399774.494	9	355791552	399774.494	29
355791552	399774.494	10	355791552	399774.494	30
355791552	399774.494	11	355791552	399774.494	31
355791552	399774.494	12	355791552	399774.494	32
355791552	399774.494	13	355791552	399774.494	33
355791552	399774.494	14	355791552	399774.494	34
355791552	399774.494	15	355791552	399774.494	35
355791552	399774.494	16	355791552	399774.494	36
355791552	399774.494	17	355791552	399774.494	37
355791552	399774.494	18	355791552	399774.494	38
355791552	399774.494	19	355791552	399774.494	39
355791552	399774.494	20	355791552	399774.494	40
355791552	399774.494	21	355791552	399774.494	41
355791552	399774.494	22	355791552	399774.494	42
355791552	399774.494	23	355791552	399774.494	43
355791552	399774.494	24	355791552	399774.494	44
355791552	399774.494	25	355791552	399774.494	45
355791552	399774.494	26	355791552	399774.494	46
355791552	399774.494	27	355791552	399774.494	47
355791552	399774.494	28	355791552	399774.494	48
355791552	399774.494	29	355791552	399774.494	49
355791552	399774.494	30	355791552	399774.494	50
355791552	399774.494	31	355791552	399774.494	51
355791552	399774.494	32	355791552	399774.494	52
355791552	399774.494	33	355791552	399774.494	53
355791552	399774.494	34	355791552	399774.494	54
355791552	399774.494	35	355791552	399774.494	55
355791552	399774.494	36	355791552	399774.494	56
355791552	399774.494	37	355791552	399774.494	57
355791552	399774.494	38	355791552	399774.494	58
355791552	399774.494	39	355791552	399774.494	59
355791552	399774.494	40	355791552	399774.494	60
355791552	399774.494	41	355791552	399774.494	61
355791552	399774.494	42	355791552	399774.494	62
355791552	399774.494	43	355791552	399774.494	63
355791552	399774.494	44	355791552	399774.494	64
355791552	399774.494	45	355791552	399774.494	65
355791552	399774.494	46	355791552	399774.494	66
355791552	399774.494	47	355791552	399774.494	67
355791552	399774.494	48	355791552	399774.494	68
355791552	399774.494	49	355791552	399774.494	69
355791552	399774.494	50	355791552	399774.494	70
355791552	399774.494	51	355791552	399774.494	71
355791552	399774.494	52	355791552	399774.494	72
355791552	399774.494	53	355791552	399774.494	73
355791552	399774.494	54	355791552	399774.494	74
355791552	399774.494	55	355791552	399774.494	75
355791552	399774.494	56	355791552	399774.494	76
355791552	399774.494	57	355791552	399774.494	77
355791552	399774.494	58	355791552	399774.494	78
355791552	399774.494	59	355791552	399774.494	79
355791552	399774.494	60	355791552	399774.494	80
355791552	399774.494	61	355791552	399774.494	81
355791552	399774.494	62	355791552	399774.494	82
355791552	399774.494	63	355791552	399774.494	83
355791552	399774.494	64	355791552	399774.494	84
355791552	399774.494	65	355791552	399774.494	85
355791552	399774.494	66	355791552	399774.494	86
355791552	399774.494	67	355791552	399774.494	87
355791552	399774.494	68	355791552	399774.494	88
355791552	399774.494	69	355791552	399774.494	89
355791552	399774.494	70	355791552	399774.494	90
355791552	399774.494	71	355791552	399774.494	91
355791552	399774.494	72	355791552	399774.494	92
355791552	399774.494	73	355791552	399774.494	93
355791552	399774.494	74	355791552	399774.494	94
355791552	399774.494	75	355791552	399774.494	95
355791552	399774.494	76	355791552	399774.494	96
355791552	399774.494	77	355791552	399774.494	97
355791552	399774.494	78	355791552	399774.494	98
355791552	399774.494	79	355791552	399774.494	99
355791552	399774.494	80	355791552	399774.494	100

**MÆLIÐLAÐ I VINNSLU**

**BREYTINGAR:**

- A. REYKJAVÍKURVEGUR 4B BREYTTI LÖBAMÖRK SKV. BEIARBAÐI 1:10:1984
- KAUSKOPPI VEGNA BREYKINGARREYKJAVÍKURVEGAR
- B. HVERFIGATA 4B OG 6 BREYTTI LÖBAMÖRK SKV. BEIARBAÐI 18:7:1984
- C. LINNETSSTÍGUR 8B LEYFI AÐMÓT AF 50M<sup>2</sup> SHJÓDULI TL. REKINGUM
- D. BREYTTI DELIRSPULU SKV. SÍRPULEIÐI 2:10:2011 OG
- BEIARSTÍGUR 18:2011; AUSTURGATA 11 OG 13 SAMANVARI EYNA LÖB
- E. HVERFIGATA 4B OG 6B, BREYTTI DELIRSPULU SKV. SÍRPULEIÐI
- F. REYKJAVÍKURVEGAR 4B, BREYTTI DELIRSPULU SKV. SÍRPULEIÐI
- G. AUSTURGATA 7, LÖBARSTÉKJUN SAMM. BEIARBAÐI 17:2013 OG
- BEIARSTÍGUR 13:2013

**HAFNARFJARDARBAER**  
**SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ**

<b>AUSTURGATA 3-19 REYKJAVÍKURVEGUR 4B</b>	
<b>HVERFIGATA 4-16 LINNETSSTÍGUR 9A-9B</b>	
<b>MÆLIÐLAÐ</b>	
21,841,6	
<b>MIDBER HIRAUÐ</b>	
Telkn.n.:	XXX,XXX
Mæli:	IR
Hannad:	Samþykkt: MK
Málk.:	1:500
Telknad.:	EU
Dags.:	12.2013
Breytt:	
Blaðst.:	A3

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarbæjar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

**Efni:** Athugasemdir vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gerð göngustíg að Linnetsstíg 9B, innan lóðarmarka erfðafestulóðar að Linnetsstíg 9A.

#### Málavextir:

Í september síðastliðnum kom starfsmaður á vegum Hafnarfjarðarbæjar til að mæla upp lóð undirritaðra Linnetsstíg 9A. Undirrituð urðu vör við mann að störfum á lóð þeirra. Var það fyrir tilviljun að undirrituð voru heima á þeim tíma og gátu forvitnast um ferðir starfsmannsins á lóð þeirra. Starfsmaðurinn tjáði þeim erindi sitt. Undirrituð könnuðust ekki við að hafa farið fram á að lóð þeirra yrði mæld eða þeim hafi verið kynnt að slík aðgerð væri fyrirhuguð. Sami starfsmaður kom síðar ásamt tæknifræðingi frá bæjarfélaginu og framkvæmdi mælingar á lóðinni. Studdust mælingar þeirra við GPS-mælitæki.

Föstudaginn, 23. október 2015, kom Halldór Ingólfsson, starfsmaður á vegum bæjarins, að heimili undirritaðra og tilkynnti þeim að verktaki væri að hefja framkvæmdir. Undirrituð tjáðu starfsmanninum að þau væru ekki sammála mælingum þeim sem hafi verið framkvæmdar á vegum bæjarins. Um tveimur tímum síðar kom fyrrnefndur Halldór og mælingarmaður á vegum bæjarins ásamt verktaka. Mælingarmaðurinn fór yfir mælingarnar með undirrituðum. Halldór lagði til við verktakann að göngustígur yrði lagður meðfram steypum vegg sem liggur milli Hverfisgötu 16 og lóðar undirritaðrar og hann yrði 1,50 m breiður. Undirrituð andmæltu þessum framkvæmdum. Þeim var þá tjáð að lóð þeirra hefði verið breytt og lögðu starfsmennirnir fram teikningar sem voru ekki í samræmi við þinglýstan erfðafestusamning lóðar undirritaðra. Var undirrituðum brugðið og töldu að ekki væri unnt að gera breytingar á lóð þeirra með þessum hætti. Þeim var í framhaldi þá bent á að hafa samband við Þormóð Sveinsson, skipulagsfulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ.

Undirrituð fóru á fund Hildar Bjarnadóttur, byggingarfulltrúa hjá Hafnarfjarðarbæ, þriðjudaginn 27. október 2015. Var tilgangur fundarins að afla upplýsinga um hver staða þeirra væri og hvers vegna uppdráttur sem þeim hafði verið sýndur af starfsmanni bæjarins var ekki í samræmi við þinglýstan samning. Á fundinum var undirrituðum bent á að þau gætu gert athugasemdir við framkvæmdina, enda væri þeim augljóslega ekki kunnugt um breytingu lóðar þeirra. Hins vegar var því haldið fram að væri búið að auglýsa breytingu á lóð þeirra og hafi fyrri eigendur (Íbúðalánasjóður) ekki nýtt andmælarétt sinn. Óskuðu undirrituð því eftir upplýsingum um hvort unnt væri að breyta lóð þeirra án þeirra vitneskju og samþykkis. Var þeim í kjölfarið leiðbeint um að skrifa bréf til skipulagsráðs.

#### Andmæli við fyrirhugaðri framkvæmd

Undirrituð keyptu fasteignina að Linnetsstíg 9A af Íbúðalánasjóði með kaupsamningi, dags. 24 apríl 2015. Engin hafði búið í Íbúðarhúsinu í nokkur ár. Samkvæmt þinglýstum

lóðarleigusamningi er lóðin undir íbúðarhúsnæðinu erfðafestulóð. Stærð hennar er 156 fermetrar og er lóðin 13 m löng til norðausturs meðfram Linnetslóð (Linnetsstíg). Að norðaustan er lóðin 12 m til norðvesturs, þ.e myndar ferhyrindalóð sem er. 12 x 13 m. Engar þinglýstar kvaðir hvíla á lóðinni. Lóðin var keypt samkvæmt framangreindum upplýsingum. Eignaréttur undirritaðra er því byggður á þeim samningi.

Engin þinglýst gögn eru til staðar um að lóðarmörkum hafi verið breytt eða að til stæði að breyta þeim. Af hálfu bæjarfélagsins hefur því verið haldið fram að lóðarmörkum hafi verið breytt samkvæmt einhliða ákvörðun sveitarfélagsins. Undirrituðum var afhent uppdráttur, sem bar yfirskriftina "mæliblað í vinnslu". Á því blaði voru lóðarmörk lóðar þeirra um 12,5 m á alla kanta. Mæliblað þetta er dagsett í desember 2013. Undirrituð telja þessa breytingu skorta lagastoð, enda verður ekki séð að sveitarfélag hafi neina heimild til að breyta þinglýstum eignarétti. Slík ákvörðun væri verulega íþyngjandi fyrir undirrituð og fæli í raun í sér eignarnám á lóð þeirra. Því óska undirrituð eftir því að sveitarfélagið veiti upplýsingar um það á hvaða lagagrunni slík ákvörðun var tekin og með hvaða hætti. Undirrituð mótmæla breytingu á lóðarmörkum þeirra og telja ljóst að lóðarmörk samkvæmt "mæliblaði í vinnslu" hafi enga þýðingu gagnvart þinglýstum erfðafestusamningi í máli þessu. Með vísan til framangreinds verður að telja ljóst að þinglýstum lóðarleigusamningi, sem veittur er til erfðafestu, hefur ekki verið breytt og verður ekki breytt án samþykkis núverandi eigenda.

Í 72. gr. stjórnarskrár er eignaréttur tryggður. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafrimæli og komi fullt verð fyrir. Þessi skilyrði 72. gr. stjórnarskrár þurfa að vera uppfyllt fyrir eignarnámi. Breyting á lóðarmörkum felur í sér eignarnám, sem byggja þarf á lagaheimild og þarf fullt verð að koma fyrir slíka skerðingu. Fyrirhuguð framkvæmd mun liggja innan lóðar þeirra samkvæmt þinglýstum samningi. Gangstígur verður ekki gerður á lóð undirritaðra án þeirra samþykkis. Að öðrum kosti felur slík aðgerð óumdeilanlega í sér eignarnám, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands dags. 8. október 2009 (118/2009)<sup>1</sup>. Skilyrðið fyrir eignarnámi er ekki til staðar. Almenningsþörf er ekki fyrir hendi. Þar sem unnt er að gera gangstíg að Linnetsstíg 9B í landi sveitarfélagsins krefjast almannahagsmunir þess ekki að lóð undirritaðra verði skert, sbr. meðalhófsreglu stjórnisýsluréttar í 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og dóm Hæstaréttar Íslands dags. 19. mars 2009 (425/2008).

Þá er gerð athugasemd við aðdraganda og framkvæmd mælinga á lóð undirritaðra. Ekki voru mælingar einungis byggðar á röngum gögnum heldur eru þær ekki í samræmi ummerki um lóðarmörk sem lýst er í samningi. Óskað er eftir því að samráð verði haft við undirrituð um framkvæmd á mælingu á lóð þeirra og það gert í samræmi við þinglýstan erfðafestusamning.


Á þessum grunni andmæla undirrituð framkvæmdum innan lóðarmarka þeirra. Óska undirrituð eftir því að fundin verði farsæl lausn á þessu máli í samráði við þá sem eiga hagsmuna að gæta. Undirrituð leggja áherslu á að þau hafi keypt afmarkaða eign og eigi ekki að þurfa að sæta skerðingu á þinglýstum réttindum sínum öðruvísi en með eignarnámi og að fyrir komi fullar bætur. Þá er það skylda stjórnvalda að reyna að ná sátt í málum sem þessum áður en þau grípa til eignarnáms. Skerðing á eignarétti verður hvorki leidd af eðli máls né því að torveldara sé að

<sup>1</sup> Í niðurstöðu Hrd. nr. 118/2009 er fjallað um skilyrði 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þar kemur fram að sú aðgerð að velta A umferðarrétt samkvæmt deiliskipulagi yfir lóð B hafi falið í sér skerðingu á eignaréttindum hans. Í niðurstöðunni segir einnig að samþykkis áfrýjanda við að láta eign sína af hendi eða heimila umferð hafi ekki verið afnað, né gripið til úrræða um eignarnám sem lög mæli fyrir um.


bls. 3/34

komast að Linnetsstíg 9B eftir öðrum leiðum. Má benda á að unnt er að komast að Linnetsstíg 9B norðan frá Hverfisgötu í gegnum land sveitarfélagsins (sjá fylgiskjal 1).

Virðingarfyllst,



Björk Ágústsdóttir, kt 010365-4739




Kári Húnfjörð Einarsson, kt 230263-2729

Meðfylgjandi eru tilvitnaðir dómar.



fylgiskjal I með fylgiskjali 4 bls 4/34



**KYRINGAR:**  
**HAMARS BYGGINGAREFTUR**  
 UTÍNUR BYGGINGA  
 BLÁSTÆÐI INNAN LÖBNA  
 FLATRAÐUL LÖBNAR  
 NÚMMER LÖBNAR  
 MÆNISSTEFNA  
 10  
 100000/0  
 180351  
 HORNUNDKTAR LÖBNA  
 ÞÓÐSRÁÐUNÚMMER  
 LANÐNUMER  
 BYGGING RÍFIN  
 STÖR NÚMMER AÐLIGGJANDI LÖBNA LAGA  
 23/21/1

**HINTASKRÁ:**

1	35578.114	398775.510
2	35578.114	398775.510
3	35578.114	398775.510
4	35578.114	398775.510
5	35578.114	398775.510
6	35578.114	398775.510
7	35578.114	398775.510
8	35578.114	398775.510
9	35578.114	398775.510
10	35578.114	398775.510
11	35578.114	398775.510
12	35578.114	398775.510
13	35578.114	398775.510
14	35578.114	398775.510
15	35578.114	398775.510
16	35578.114	398775.510
17	35578.114	398775.510
18	35578.114	398775.510
19	35578.114	398775.510
20	35578.114	398775.510
21	35578.114	398775.510
22	35578.114	398775.510
23	35578.114	398775.510
24	35578.114	398775.510
25	35578.114	398775.510
26	35578.114	398775.510
27	35578.114	398775.510
28	35578.114	398775.510
29	35578.114	398775.510
30	35578.114	398775.510
31	35578.114	398775.510
32	35578.114	398775.510
33	35578.114	398775.510
34	35578.114	398775.510
35	35578.114	398775.510
36	35578.114	398775.510
37	35578.114	398775.510
38	35578.114	398775.510
39	35578.114	398775.510
40	35578.114	398775.510
41	35578.114	398775.510
42	35578.114	398775.510
43	35578.114	398775.510
44	35578.114	398775.510
45	35578.114	398775.510
46	35578.114	398775.510
47	35578.114	398775.510
48	35578.114	398775.510
49	35578.114	398775.510
50	35578.114	398775.510
51	35578.114	398775.510
52	35578.114	398775.510
53	35578.114	398775.510
54	35578.114	398775.510
55	35578.114	398775.510
56	35578.114	398775.510
57	35578.114	398775.510
58	35578.114	398775.510
59	35578.114	398775.510
60	35578.114	398775.510
61	35578.114	398775.510
62	35578.114	398775.510
63	35578.114	398775.510
64	35578.114	398775.510
65	35578.114	398775.510
66	35578.114	398775.510
67	35578.114	398775.510
68	35578.114	398775.510
69	35578.114	398775.510
70	35578.114	398775.510
71	35578.114	398775.510
72	35578.114	398775.510
73	35578.114	398775.510
74	35578.114	398775.510
75	35578.114	398775.510
76	35578.114	398775.510
77	35578.114	398775.510
78	35578.114	398775.510
79	35578.114	398775.510
80	35578.114	398775.510
81	35578.114	398775.510
82	35578.114	398775.510
83	35578.114	398775.510
84	35578.114	398775.510
85	35578.114	398775.510
86	35578.114	398775.510
87	35578.114	398775.510
88	35578.114	398775.510
89	35578.114	398775.510
90	35578.114	398775.510
91	35578.114	398775.510
92	35578.114	398775.510
93	35578.114	398775.510
94	35578.114	398775.510
95	35578.114	398775.510
96	35578.114	398775.510
97	35578.114	398775.510
98	35578.114	398775.510
99	35578.114	398775.510
100	35578.114	398775.510

**MÆLI BLAD I VINNSLU**

**BREYTINGAR:**

A. REYKJAVÍGUR OG BREYTTI LÖBNAÐUR SV. MÆLI BLAD 1. 18. 1984  
 B. HORNUNDKTAR LÖBNAÐUR SV. MÆLI BLAD 1. 18. 1984  
 C. LÍNNEÐSSTÍGUR OG BREYTTI LÖBNAÐUR SV. MÆLI BLAD 1. 18. 1984  
 D. HVERFISGATA 11 OG 13 SAMANLÖBNAÐUR SV. MÆLI BLAD 1. 18. 1984  
 E. HVERFISGATA 4-16 LÍNNEÐSSTÍGUR SV. MÆLI BLAD 1. 18. 1984  
 F. HVERFISGATA 11 OG 13 SAMANLÖBNAÐUR SV. MÆLI BLAD 1. 18. 1984  
 G. HVERFISGATA 11 OG 13 SAMANLÖBNAÐUR SV. MÆLI BLAD 1. 18. 1984

**HAFNARFJARDARBAER**  
**SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ**

AUSTURGATA 3-19 REYKJAVÍKURVEGUR 4B  
 HVERFISGATA 4-16 LÍNNEÐSSTÍGUR 9A-9B  
 MÆLI BLAD  
 21.841,6

**MIDBAER HRAUN**

Tekjur nr.:	XXX XXX
Mæli:	IR
Hannæð:	Samþykkt: MK
M.v. nr.:	M.v. nr.: 1.500
Tekjur nr.:	EJ
Dags:	12.2013

Breytt:

bls. 5/34

Nr. 118/2009.

Fimmtudaginn 8. október 2009.

**Hörður Jónsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

**gegn****Uppsalamönnum ehf.****Ofjarli ehf. og****Sjónlinsum ehf.**

(Karl Georg Sigurbjörnsson hrl.)

Eignarréttur. Samaðild. Skipulag. Umferðarréttur. Eignarnám. Sératkvæði.

*Með nýju deiliskipulagi var gert ráð fyrir kvöð um umferð ökutækja um lóðina við hús nr. 87 á Laugaveg í Reykjavík, inn á lóð hússins nr. 85. Í málinu kröfðust eigendur hússins nr. 85, U ehf., O ehf. og S ehf. þess að viðurkennt yrði fyrir dómi að eiganda hússins nr. 87, H, yrði gert að viðlögðum dagsektum að fjarlægja þær tálmanir sem hindruðu umræddan umferðarrétt þeirra. Í dómi Hæstaréttar kom fram að félögin gætu ekki reist umferðarrétt sinn á gangréttindum sem þinglýst höfðu verið sem kvöð á eignirnar árið 1944, en þau réttindi tóku til annarrar leiðar á lóðinni en umferðarkvöðin. Talið var að umrædd kvöð í deiliskipulaginu hefði falið í sér skerðingu á eignarréttindum H sem varin væru af 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Við gerð deiliskipulagsins hefði þess hvorki verið freistað að afla samþykkis H við að láta eign sína af hendi eða heimila umferð ökutækja um hana, né gripið til þeirra úrræða um eignarnám sem væru að finna í 32. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Var H því sýknaður af kröfu U ehf., O ehf. og S ehf.*

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ólafur Þorvaldsson, Hjördís Hákonardóttir og Jón Steinar Gunnlaugsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 12. mars 2009. Hann krefst aðallega frávísunar málsins frá héraðsdómi, en til vara sýknu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu eru þrír af fjórum eigendum fasteignar nr. 85 við Laugaveg í Reykjavík en áfrýjandi eigandi fasteignar að Laugavegi 87. Eins og rakið er í héraðsdómi öðlaðist í ágúst 2005 gildi nýtt deiliskipulag fyrir reit sem afmarkast af Laugavegi, Barónsstíg, Hverfisgötu og Snorrabraut. Ágreiningslaust er með aðilum að þar hafi verið gert ráð fyrir kvöð um umferð ökutækja yfir eignarlóð áfrýjanda inn á lóð húss nr. 85, þó að ekki verði ráðið af gögnum málsins nákvæmlega um umfang þess svæðis sem umferðarrétturinn skyldi taka til. Fékkst það ekki skýrt við flutning málsins fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefjast stefndu viðurkenningar á að áfrýjanda sé skylt að viðlögðum dagsektum að fjarlægja þær tálmanir sem hindri þennan umferðarrétt þeirra. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram af hálfu áfrýjanda að þar sem fleiri en stefndu væru nú eigendur að Laugavegi 85 bæri að vísa málinu frá héraðsdómi samkvæmt 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hér er um að ræða atriði sem kemur til skoðunar án kröfu. Deila aðila snýst um

umferðarrétt eigenda Laugavegs 85 sem hver og einn þeirra getur nýtt sér án atbeina hinna. Verður ekki talið að tilvitnað ákvæði komi í veg fyrir að fjallað verði um dómkröfu stefndu.

Fram er komið að hin svokölluðu „gangréttindi“, sem stefndu vísa til og eigandi lóðar nr. 87 veitti eiganda lóðar nr. 85 hinn 16. mars 1944, tóku til annarrar leiðar á lóðinni en sú umferðarkvöð sem um er deilt í þessu máli. Með þessari athugasemd en að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms er fallist á þá niðurstöðu hans að stefndu geti ekki reist umferðarrétt sinn á þessum svokölluðu gangréttindum. Það er því til úrlausnar hvort réttilega hafi verið lögð á ný kvöð um akstur ökutækja yfir land áfrýjanda.

Samkvæmt 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar er eignarrétturinn friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Í 32. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er mælt fyrir um heimildir til eignarnáms vegna breytinga á skipulagi. Þá er í lokamálsgrein greinarinnar vísað til þess að um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun um bætur fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Sú aðgerð að veita stefndu umferðarrétt samkvæmt deiliskipulaginu um land áfrýjanda fól í sér skerðingu á eignarréttindum hans. Við gerð deiliskipulagsins var þess hvorki freistað að afla samþykkis áfrýjanda við að láta eign sína af hendi eða heimila umferð ökutækja um hana né gripið til þeirra úrræða um eignarnám sem lög mæla fyrir um. Verður áfrýjandi því sýknaður af kröfu stefndu og þeim gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.

#### Dómsorð:

Áfrýjandi, Hörður Jónsson, er sýkn af kröfu stefndu, Uppsalamanna ehf., Ofjarls ehf. og Sjónlinsa ehf.

Stefndu greiði óskipt áfrýjanda samtals 800.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### Sératkvæði

##### Hjördísar Hákonardóttur

Við málflutning fyrir Hæstarétti vakti áfrýjandi athygli á því að eigendur fasteignarinnar Laugavegur 87 væru fjórir. Samkvæmt nýju skjali sem hann lagði fram hafa stefndu Uppsalamenn ehf. selt eina íbúð hússins með kaupsamningi 13. maí 2008, sem þinglýst var 9. júlí 2008. Málið var höfðað með birtingu stefnu 7. maí 2008 og þingfest 15. sama mánaðar. Ekkert kom fram í héraði um hinn nýja aðila. Ég er sammála niðurstöðu meiri hlutans að því er varðar aðild málsins.

Hús nr. 85 við Laugaveg hefur notið gangréttar eftir tveggja metra breiðri spildu um lóðir nr. 87, 89 og 91 samkvæmt yfirlýsingu þáverandi eigenda þessara lóða frá 16. mars 1944. Kvöð þessi var þinglýst og hvílir enn á Laugavegi 87 samkvæmt þinglýsingarvottorði 22. júní 2009. Óumdeilt er að aðgengi að lóðum þessum frá Laugavegi liggur nú á milli húsa nr. 91 og 93, en var áður á milli húsa nr. 89 og 91. Augljóst er að sömu forsendur, það er erfitt aðgengi að húsi nr. 85, liggja að baki greindum gangrétti og þeirri kvöð um umferðarétt sem ákveðin var með deiliskipulagi fyrir byggingarreitinn.

Með þessum athugasemdum en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég að það eigi að staðfesta hann og gera áfrýjanda að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

7/34

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. desember 2008.**

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 3. desember sl., er höfðað með stefnu, birtri 7. maí sl.

Stefnendur eru Uppsalamenn ehf., Bæjarlind 4, Kópavogi, Ofjarl ehf., Völusteinsstræti 26, Bolungarvík og Sjónlinsur ehf., Langholtsvegi 169a, Reykjavík.

Stefndi er Hörður Jónsson, Bakkaflöt 12, Garðabæ.

*Dómkröfur stefnenda eru eftirfarandi:*

Aðallega, að stefnda verði gert skylt að, að viðlögðum 25.000 króna dagsektum frá dómsuppsögu, að fjarlægja allar þær bifreiðar, muni eða aðrar tálmanir í eigu eða á vegum stefnda, sem takmarka umferðarrétt stefnenda um norðurenda lóðar nr. 87 við Laugaveg í Reykjavík, og þar með aðgengi þeirra að lóð þeirra nr. 85 við Laugaveg.

Til vara, að viðurkenndur verði með dómi umferðarréttur stefnenda um norðurenda lóðar nr. 87 við Laugaveg í Reykjavík, og inn á baklóð húss stefnenda nr. 85 við Laugaveg í Reykjavík.

Til þrautavara, að viðurkennd verði með dómi kvöð um gegnumakstur á lóðinni nr. 87 við Laugaveg í samræmi við gildandi deiliskipulag á staðgreinireit I.174.1.

Loks krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda, að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað að skaðlausu, að mati dómsins, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

**Málsatvik og ágreiningsefni**

Með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 11. ágúst 2005 öðlaðist gildi nýtt deiliskipulag fyrir reit I.174.1, sem afmarkast af Laugavegi, Barónsstíg, Hverfisgötu og Snorrabraut í Reykjavík. Í auglýsinguinni segir að uppdrættirnir hafi hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæli fyrir um. Stefnendur eru eigendur fasteignarinnar að Laugavegi 85, en stefndi er eigandi að Laugavegi 87. Báðar fasteignir eru innan deiliskipulagsreitsins og falla því undir skipulagið.

Lögð hafa verið fram ljósrít af auglýsingu um tillögur að breytingum á skipulagi á ofangreindum reit, sem birtust í dagblöðum 23. mars 2005, yfirlit um umfjallanir skipulags- og byggingarsviðs um skipulagsreitinn, ásamt skipulagsuppdráttum og greinargerð deiliskipulagsins. Samkvæmt gögnum þessum var deiliskipulagstillagan auglýst 23. mars 2005 og frestur til athugasemda veittur til 4. maí sama ár. Af yfirliti um umfjallanir skipulags- og byggingarsviðs má einnig sjá að tillagan var áður auglýst með fresti til athugasemda frá 27. febrúar 2002 til 10. apríl sama ár. Í greinargerð deiliskipulagsins segir eftirfarandi um lóð stefnenda: „*Heimilt er að byggja hús, 4 hæðir og kjallara innan byggingarreits. Efst hæð skal vera inndregin um 2,5 m við Laugaveg. Hæð hússins skal taka mið af mænishæð Laugavegs 83. Kvöð um akstursleið að bílastæði.*“ Sömu skilmálar gilda um lóð stefnda, en þar segir svo um aksturskvöð: „*Kvöð um gegnumakstur á lóðinni.*“ Á uppdrætti er akstursleiðin merkt frá Laugavegi, milli húsa nr. 91 og 95, um baklóðir húsa nr. 91, 89 og 87, og þaðan inn á baklóð hússins nr. 85. Ágreiningslaust er að stefndi gerði engar athugasemdir við deiliskipulagstillöguna, hvorki er hún var auglýst í fyrra sinn, né hið síðara.

Í stefnu er skýrt frá því að Uppsalamenn ehf., einn af stefnendum þessa máls, hafi á undanförmum árum staðið að uppbyggingu á lóðinni nr. 85 við Laugaveg. Hafi framkvæmdir verið unnar í samræmi við gildandi deiliskipulag og samþykktar teikningar. Á húseigninni séu innkeyrsludyr á jarðhæð og gert ráð fyrir bílastæðum á baklóð hússins. Stefnendur hafi hins vegar hvorki getað hagnýtt sér innkeyrsludyrnar né bílastæðin, né heldur lokið lóðarframkvæmdum, þar sem stefndi leggi bifreiðum sínum þvert á umferðarrétt stefnenda við lóðamörk

norðvesturenda lóðar sinnar, og tálmi með því umferð stefnenda að lóðinni. Telja stefnendur augljóst að stefndi leggi bifreiðunum gagnert í þeim tilgangi að valda stefnendum tjóni og töfum á framkvæmdum. Þar sem stefndi hafi ekki orðið við ítrekuðum óskum stefnenda um að fjarlægja umræddar bifreiðar, neyðist stefnendur til að höfða mál þetta.

Fram kemur einnig í stefnu að Uppsalamenn ehf. hafi óskað eftir beinni aðfarargerð í október 2007. Héraðsdómur hafi fallist á beiðnina, en Hæstiréttur hafnað henni vegna formgalla á kröfugerð, sbr. dóm Hæstaréttar frá 12. febrúar 2008 í málinu nr. 49/2008. Segjast stefnendur nú hafa bætt úr þessum formgalla.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum forsvarsmáður Uppsalamanna ehf., Bjarni Sævar Geirsson, svo og stefndi, Hörður Jónsson.

Í skýrslu Bjarna Sævars Geirssonar kom fram að Uppsalamenn ehf. hefði keypt lóðina að Laugavegi 85 á vordögum 2005. Þar hefði þá staðið gamalt hús, sem til stóð að rífa og byggja nýtt í þess í stað, samkvæmt deiliskipulagi sem þá var í vinnslu. Í lok nóvember 2005 hefði fyrirtækið fengið framkvæmdaleyfi hjá byggingaryfirvöldum fyrir niðurrífi og nýbyggingu. Áður en framkvæmdir hófust hefði hann haft samband við eigendur nálægra fasteigna og kynnt þeim fyrirhugaðar framkvæmdir. Ekki hefði hann þó náð tali af stefnda, en hins vegar hefði hann rætt við son hans, sem búi á efri hæð hússins nr. 87, og hefði hann þá strax skynjað óánægju með framkvæmdina. Í framhaldinu hefði hann farið á fund byggingarfulltrúa, sem hefði fullvissað hann um að öll leyfi væru til staðar. Í febrúar 2006 hefði verið hafist handa við að rífa gamla húsið. Sonur stefnda hefði þá lagt bílum fyrir vinnuvélar og hefði lögreglan þurft að hafa afskipti af því.

Bjarni Sævar sagðist aftur hafa þurft að leita til byggingarfulltrúa um haustið 2007, þegar kranabíll á hans vegum komst ekki að húsinu til þess að fjarlægja vinnuskúra, þar sem stefndi hafði þá á ný lagt bílum við lóðamörk. Hefði starfsmaður byggingarfulltrúa þá staðfest skriflega að umferðarkvöð væri um lóðina nr. 87 og að stefnda væri óheimilt að hindra umferð að og frá lóðinni nr. 85. Staðfesting byggingarfulltrúa hefði þó engu breytt og væri nú svo komið að hann gæti ekki lokið við framkvæmdir á baklód hússins, þ.á m. gerð bílastæða. Væri það farið að valda honum tjóni, þar sem kaupendur eigna í húsinu héldu samningsgreiðslum vegna vanefnda hans. Bjarni Sævar kvaðst aðeins einu sinni hafa rætt símleiðis við stefnda, en taldi ekki ástæðu til þess að reyna slíkt aftur vegna svara hans.

Fyrir dómi var stefndi, Hörður Jónsson, spurður um gangrétt um lóð hans nr. 87 við Laugaveg, samkvæmt þinglesinni kvöð á eignina frá 1944. Sagði hann að sá gangréttur væri ekki lengur til staðar eftir að eigandi húsanna nr. 89 og 91 við Laugaveg hefði byggt sín hús. Þá hefði hann sjálfur fallist á að breyta umferðarrétti að sinni lóð. Eigandi lóðar nr. 85 hefði hins vegar ekki samþykkt þá breytingu, en fengið greiðslu í þess stað, að því er hann taldi sig vita. Aðspurður sagði stefndi að borgaryfirvöld hefðu aldrei talað við sig þegar unnið var að deiliskipulagi hverfisins, né hefði hann gert athugasemdir við þær breytingar.

#### Málsástæður stefnenda og lagarök

Stefnendur byggja málshöfðun sína á gildandi skipulagi, en samkvæmt því sé skipulagskvöð um umferðarrétt um lóðina nr. 87 við Laugaveg inn á lóð nr. 85. Því til staðfestingar vísa þeir til deiliskipulags fyrir reit 1.174.1, sem fengið hafi meðferð í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Í skilmálum fyrir lóðina nr. 87 komi fram að kvöð sé um gegnumakstur, auk þess sem umferðarrétturinn sé sýndur með myndrænum hætti á teikningu. Stefndi hafi aldrei gert athugasemdir við umferðarkvöðina á því fimm ára tímabili sem unnið hafi verið að skipulagsbreytingunni, og telja stefnendur að ástæða þess sé hugsanlega sú að breytingin hafi falið í sér verulega fjárhagslega hagsmunir fyrir stefnda, þar sem nýtingarhlutfall lóðar hans rúmlega þrefaldaðist frá fyrra skipulagi, eða úr 0,9 í 3,0. Í ljósi þess að húseign stefnenda sé hönnuð og byggð í góðri trú og í samræmi við gildandi skipulag, hafi síðbúin mótmæli stefnda komið stefnendum verulega á óvart og valdið þeim tjóni.

Stefnendur hafna því að umrædd kvöð feli í sér takmörkun á réttindum stefnda og benda á að um langt skeið

hafi verið kvöð um gangrétt um tveggja metra spildu á baklód hússins nr. 87. Kvöðinni hafi verið þinglýst árið 1944, hún undirrituð af þáverandi eigendum lóðarinnar nr. 87, og segi þar m.a.: „... eigendur að eigninni nr. 87 við Laugaveg hér í bænum, veitum oft nefndri húseign nr. 85 við Laugaveg gangréttindi um lóð vora inn á hússins eigin lóð.“ Telja stefndu að leggja megi tveggja metra gangréttindi að jöfnu við umferðarrétt og vísa því til stuðnings til dóms Hæstaréttar 18. október 2001 í málinu nr. 79/2001, svo og til þess að á árum áður hafi bifreiðaeign í Reykjavík ekki verið almenn. Þá benda stefnendur á að stefndi þurfi að þola umferð bifreiða um lóð sína, þar sem akstursleið sé nú þegar um lóð hans á milli Laugavegar og Hverfisgötu, auk þess sem bilastæði séu á bak við húsið.

Stefnendur byggja einnig á því að stefnda beri að beina kröfum sínum að skipulagsvaldinu, í þessu tilviki Reykjavíkurborg, telji hann sig hafa orðið fyrir tjóni vegna breytinga á deiliskipulagi. Í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 sé gert ráð fyrir því að skipulagsáætlanir geti breytt stöðu bygginga og lóða, m.a. vegna samgangna. Feli slíkar breytingar í sér fjárhagslega skerðingu eigi landeigendur hins vegar rétt til bóta úr sveitarsjóði, sbr. 33. gr. laga nr. 73/1997. Þar komi einnig fram að við ákvörðun bóta skuli taka tillit til þeirrar verðhækkunar sem skipulagsbreytingar kunni að hafa í för með sér. Telja stefnendur að með breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.174.I hafi verðmæti eignar stefnda aukist töluvert vegna hærra nýtingarhlutfalls.

Loks benda stefnendur á að umrædd umferðarkvöð sé ekki einungis til handa eigendum lóðar nr. 85 við Laugaveg, heldur geti hún einnig reynst mikilvæg fyrir slökkvilið ef eldur yrði laus á svæðinu, enda sé kvöðinni ætlað að tryggja aðgengi að baklóðum húsanna.

Kröfum sínum til stuðnings vísa stefnendur til skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, einkum III. kafla laganna. Jafnframt vísa þeir til þinglýsingalaga nr. 39/1978, svo og til umferðarlaga nr. 50/1987. Krafa þeirra um dagsektir og fjárhæð þeirra byggist á dómafordæmum og 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, en málskostnaðarkrafa styðst við 1. mgr. 130. gr. sömu laga. Um varnarþing er vísað til 34. gr. sömu laga.

#### Málsástæður stefnda og lagarök

Sýknukrafa stefnda er á því reist að eignarréttur hans að eignarlóðinni nr. 87 við Laugaveg sé varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar og verði ekki skertur eða af honum tekinn, nema að uppfylltum þeim skilyrðum sem ákvæðið setji. Eignarrétturinn sé þannig friðhelgur og geti byggingaryfirvöld ekki með neinum hætti skert þau réttindi, síst til hagsbóta fyrir einkaaðila. Stjórnarskráin sé grundvallarlög, sem gangi frammar annarrí löggjöf sem ekki samrýmist ákvæðum hennar, og beri að víkja slíkri löggjöf til hliðar. Þannig telur stefndi að ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 stangist á við 72. gr. stjórnarskrárinnar að því er varðar umrætt deiliskipulag og þá umferðarkvöð sem sett hafi verið á lóð hans. Að þessu leyti þurfi stefndi ekki að hlíta deiliskipulaginu og skipti engu máli þótt hann hafi ekki mótmælt því á sínum tíma.

Stefndi bendir á að eina kvöðin sem þinglýst hafi verið á fasteign hans sé kvöð um gangréttindi frá 16. mars 1944. Í þeirri kvöð hafi þó aldrei falist réttur til umferðar ökutækja að lóðinni nr. 85 og hafnar stefndi því að dómur Hæstaréttar í málinu nr. 79/2001 hafi hér nokkurt fordæmisgildi. Ennfremur hafnar stefndi því að borgaryfirvöld hafi vald til að ákveða einhliða kvöð um umferðarrétt, og telur að slík ákvörðun feli í sér skerðingu á eignarrétti lóðarhafa. Þá mótmælir stefndi því að staðfesting starfsmanns á skrifstofu byggingarfulltrúa á umræddri umferðarkvöð hafi nokkurt gildi í máli þessu.

Loks bendir stefndi á að hin þinglýsta kvöð um gangréttindi sé nú með öllu óvirk, þar sem ekki sé lengur unnt að komast frá Laugavegi inn á baklód Laugavegar 85 eftir hinni tilgreindu tveggja metra spildu. Ástæðan sé sú að húseignin að Laugavegi 89 hafi verið stækkuð til norðurs og við það hafi gangréttindin farið undir það hús. Með hliðsjón af ofansögðu telur stefndi augljóst að stefnendur eigi engan rétt til umferðar um eignarlóð hans. Hins vegar telur hann sig hafa ótvíræðan rétt til að vera þar með bifreiðar sínar og annað sem geti tálmað umferð að lóðinni nr.

85.

Stefndi hafnar alfarið aðalkröfu stefnenda og telur hana ekki nægilega skýra og ótvíræða, þar sem stefnendur krefjast brotnáms ótiltekinna lausafjármuna. Telur hann að til álita eigi að koma að vísa kröfunni frá dómi ex officio vegna vanreifunar. Jafnframt vísar hann á bug varakröfu og þrautavarakröfu stefnenda og krefst sýknu af þeim báðum. Loks mótmælir stefndi þeirri málsástæðu stefnenda að meint umferðarkvöð geti reynst mikilvæg fyrir slökkvilið, og bendir á að gott aðgengi sé frá Hverfisgötu að baklóðum húsanna nr. 85 og 87. Hinu sama gegnir um þá málsástæðu að stefndi standi því í vegi að stefnendur geti lokið framkvæmdum á lóð sinni. Telur stefndi að stefnendur hafi með byggingarframkvæmdum sínum sjálfir skapað sér það vandamál, og því ekki við stefnda að sakast.

Um lagarök, til stuðnings kröfum sínum, kveðst stefndi fyrst og fremst vísa til 72. gr. stjórnarskrárinnar, en einnig til þinglýsingalaga nr. 39/1978. Málskostnaðarkrafa hans er reist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, en krafa hans um virðisaukaskatt byggist á lögum nr. 50/1988.

#### Niðurstaða

Við upphaf aðalmeðferðar gekk dómari á vettvang, ásamt lögmönnum aðila, fyrirsvarsmanni Uppsalamanna ehf. og stefnda. Á baklóð lóðarinnar nr. 87 við Laugaveg, þétt við mörk lóðarinnar nr. 85, stóðu þrjár bifreiðar, og kom fram í máli stefnda að þær væru þar á hans vegum. Greinilegt var að bifreiðarnar höfðu staðið þar óhreyfðar um tíma. Hægt var að ganga á milli bifreiðanna inn á lóð nr. 85, en fjarri var að bifreið yrði ekið á milli þeirra. Í málsögnum eru ljósmyndir af vettvangi og umræddum bifreiðum.

Á skipulagsupprætti þeim, sem auglýstur var sem tillaga að deiliskipulagi fyrir umræddan reit og síðar var samþykktur, eru sýndar þær breytingar sem lagðar eru til frá eldra skipulagi, sem samþykkt var 27. nóvember 1967. Þar má sjá að á eldra skipulagi var kvöð um akandi umferð frá Laugavegi að baklóð húss stefnda. Á hinu nýja deiliskipulagi hefur kvöð þessi verið framlengd yfir baklóð húss stefnda að baklóð húss stefnenda, þar sem gert er ráð fyrir fjórum bílastæðum. Á baklóð húss stefnda er einnig gert ráð fyrir fjórum bílastæðum. Í greinargerð deiliskipulagsins segir að kvöð sé um gegnumakstur á lóðinni nr. 87, en um lóðina nr. 85 segir að kvöð sé um akstursleið að bílastæði. Þykir þessi breyting frá eldra deiliskipulagi renna stöðum undir þá frásögn stefnda fyrir dómi að gangréttur að lóð nr. 85, sem samið var um á árinu 1944 og þinglýst var sem kvöð á eignirnar, hafi síðar fallið niður, þótt annarra gagna njóti þar ekki við.

Eins og fram er komið öðlaðist hið nýja deiliskipulag fyrir reit 1.174.1 gildi 11. ágúst 2005. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að við undirbúning og kynningu skipulagstillögunnar hafi borgaryfirvöld farið að fyriræmum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. einkum 23. og 25. gr. þeirra laga. Ágreiningslaust er að stefndi gerði engar athugasemdir við tillöguna þegar hún var á sínum tíma auglýst og kynnt með lögboðnum hætti. Bar honum þó engu að síður að koma athugasemdum á framfæri, hafi hann talið að skipulagstillagan kynni að raska hagsmunum sínum, en ljóst er að með gildistöku skipulagsins var kvöð lögð á baklóð húss hans um umferðarrétt að baklóð húss stefnenda að Laugavegi 85. Jafnljóst er að stefnendur máttu treysta því að skipulagið tryggði þeim umferðarrétt að baklóð fasteignar þeirra.

Þótt fallist sé á það með stefnda að eignarréttur hans sé varinn af 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, kemur það þó ekki í veg fyrir að löggjafinn geti heimilað skerðingu eignarréttinda, að uppfylltum þeim skilyrðum sem ákvæðið setur. Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hafa að geyma slíka heimild og er þar beinlínis gert ráð fyrir að gildistaka skipulags geti rýrt verðmæti fasteignar og skert nýtingarmöguleika hennar, sbr. 33. gr. þeirra laga. Telji stefndi sig hafa orðið fyrir fjárhagstjóni vegna gildistöku deiliskipulagsins ber honum hins vegar að beina þeirri kröfu að borgaryfirvöldum, sbr. 3. mgr. 33. gr. tilvitnaðra laga. Þurfa stefnendur í þeim efnum

ekki að una við tómlæti stefnda, enda ótvírætt að þeim var með gildistöku skipulagsins tryggður umferðarréttur að baklóð þeirra, um leið og kvöð var lögð á baklóð stefnda um gegnumakstur á lóðinni.

Við munnlegan málflutning tefldi stefndi fram þeirri málsástæðu að grenndarkynning hefði ekki farið fram áður en byggingaryfirvöld veittu leyfi til framkvæmda á lóð nr. 85. Stefnendur mótmæltu þeirri málsástæðu og töldu hana of seint fram komna. Niðurstaða málsins verður því ekki á henni byggð. Hins vegar verður heldur ekki séð að sú málsástæða hafi hér nokkra þýðingu, þar eð deiliskipulag lá þá þegar fyrir, sbr. 7. mgr. 43. gr. laga nr. 73/1997.

Samkvæmt því sem að ofan er rakið þykir enginn vafi leika á að í gildi er kvöð um gegnumakstur um baklóð stefnda að Laugavegi 87 inn á baklóð stefnenda að Laugavegi 85 og getur stefndi ekki staðið því í vegi að stefnendur nýti þann rétt sinn. Þar sem augljóst er að stefndi tálmar nú umferð stefnenda að baklóðinni með því að leggja nokkrum bifreiðum við lóðamörk, þykir ekki annað fært en að verða við aðalkröfu þeirra um að stefnda beri að fjarlægja þær tálmanir, að viðlögðum dagsektum til stefnenda, sem þykja hæfilega ákveðnar 10.000 krónur. Dómurinn getur ekki fallist á þau rök stefnda að aðalkröfu stefnenda sé ábótavant, enda fram komið að umræddar tálmanir á lóðamörkum eru á vegum stefnda.

Með hliðsjón af úrslitum málsins, sbr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað í einu lagi, og ákveðst hann 350.000 krónur.

Ingimundur Einarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D Ó M S O R Ð:

Stefnda, Herði Jónssyni, er skylt að fjarlægja allar þær bifreiðar, muni eða aðrar tálmanir í eigu eða á vegum hans, sem takmarka umferðarrétt stefnenda, Uppsalamanna ehf., Ofjarls ehf. og Sjónlinsa ehf., um norðurenda lóðar nr. 87 við Laugaveg í Reykjavík, og þar með aðgengi þeirra að lóð þeirra nr. 85 við Laugaveg, að viðlögðum 10.000 króna dagsektum frá dómsuppsögu.

Stefndi greiði stefnendum óskipt 350.000 krónur í málskostnað.



bls. 12/34  
 Nr. 425/2008.

Fimmtudaginn 19. mars 2009.

**Dagbjartur Bogi Ingimundarson og  
 Rafn Ingimundarson**

(Sigurður Sigurjónsson hrl.  
 Indriði Þorkelsson hdl.)

**gegn**

**Norðurþingi og**

(Jón Höskuldsson hrl.  
 Eva Dís Pálmadóttir hdl.)

**Vegagerðinni**

(Reynir Karlsson hrl.  
 Jón Ögmundsson hdl.)

Fasteign. Eignarnám. Eignarréttur. Meðalhóf. Stjórnarskrá.

*D og R áttu jörðina B. Næstu jarðir sunnan B voru P og K sem voru í eigu íslenska ríkisins. Árið 2002 hóf V undirbúning að gerð nýs vegar. Tveir kostir lágu fyrir um legu vegarins, annars vegar yfir B og síðan K en hins vegar yfir P og síðan K. Síðar varð til hugmynd að nýrri leið sem vék af fyrst nefndu leiðinni á kafla. Reis ágreiningur um hvaða leið skyldi valin. Sveitarfélagið N gaf út framkvæmdaleyfi til V vegna vegar sem lá yfir B. D og R bönnuðu allar framkvæmdir á jörðinni B. Neytti V þá eignarnámsheimilar 45. gr. þágildandi vegalaga nr. 45/1994. Höfðuðu D og R mál gegn N og V og kröfðust ógildingar á veitingu framkvæmdaleyfis N til V og eignarnámi V á hluta jarðarinnar B. Ekki var talið sýnt fram á að N hafi brotið reglur stjórnarsýslulaga við veitingu framkvæmdaleyfis til V. Hafi leyfisveitingin því ekki verið haldið slíkum annmörkum að varðað gæti ógildingunni leyfisins og var N sýknað af kröfum D og R. Talið var að yfirmaður V eða löglærður fulltrúi í umboði hans hafi verið bær til að taka ákvörðun um eignarnám á grundvelli vegalaga. Þá var þeirri málsástæðu hafnað að engin lögmæt ákvörðun um eignarnám hafi verið tekin. Talið var að eignarréttur D og R hafi verið varinn af 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar sem heimili því aðeins skerðingu þess réttar að almenningsþörf krefji, en við mat á því verði að gæta meðalhófs. Ef umt hafi verið með ásættanlegum hætti að ná markniði framkvæmdarinnar með því að leggja veginn um eigið land ríkisins hafi V borið að fara þá leið. Litið hafi verið svo á við mat á umhverfisáhrifum að allar veglínur sem til greina hafi komið hafi verið ásættanlegar. Um tiltekin atriði við leið yfir P og síðan K hafi verið ívið meiri ókostir en af hinum leiðunum, en sá munur hafi verið óverulegur. Umhverfisáhrif hafi því ekki getað réttlætt ákvörðun V um að leita eignarnáms. Fullyrðingar V um kosti þeirrar leiðar sem valin var af svokölluðum vegtæknilegum ástæðum og að kostnaður af henni væri minni voru ekki taldar studdar neinum gögnum. Málsástæða V um að vegalengdir milli þéttbýliskjarna yrðu styttri við þá leið en hinar var talin haldlaus. Þá yrðu sjónarmið ábúenda P og K um vegleið með engu móti lögð að jöfnu við afstöðu eigenda jarðanna, en D og R hafi eindregið lagst gegn því að verða sviptir eign sinni. Var skilyrði stjórnarskrárinnar um almenningsþörf ekki talið hafa verið uppfyllt til þess að V gæti beitt eignarnámi gagnvart D og R. Var krafa þeirra um ógildingunni eignarnámsins því tekin til greina.*

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Árni Kolbeinsson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen, Ingibjörg Benediksdóttir og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar 5. ágúst 2008. Þeir krefjast þess aðallega að felld

verði úr gildi „ákvörðun sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps með síðari staðfestingu sveitarfélagsins Norðurþings um veitingu framkvæmdarleyfis hinn 27. apríl 2006“ til stefnda Vegagerðarinnar vegna lagningar þjóðveggar yfir Hólaheiði um Hófaskarð og að ógilt verði „yfirlyst eignarnám“ stefnda Vegagerðarinnar á 30,01 hekturum lands og 136.500 m<sup>3</sup> af jarðvegi úr jörðinni Brekku í Núpasveit vegna lagningar þjóðveggar frá þjóðvegi nr. 85 norðan Klapparóss austur um Hólaheiði í landi Brekku samkvæmt bréfi stefnda Vegagerðarinnar 4. október 2006 og matsbeiðni 5. sama mánaðar. Áfrýjendur krefjast jafnframt málskostnaðar á báðum dómstigum óskipt úr hendi stefndu. Til vara krefjast áfrýjendur að málskostnaður verði felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu, Norðurþing og Vegagerðin, krefjast hvor fyrir sig staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

#### I

Áfrýjendur eru eigendur jarðarinnar Brekku í Núpasveit í Öxarfirði, en jörðin liggur skammt sunnan við Kópasker. Næstu jarðir sunnan Brekku eru Presthólar og Katastaðir, sem báðar voru í eigu íslenska ríkisins þegar atvik málsins gerðust.

Stefndi Vegagerðin hóf á árinu 2002 undirbúning að gerð nýs vegar, sem skyldi liggja frá þjóðvegi nr. 85 sunnan Kópaskers til austurs yfir Öxarfjarðarheiði og koma af heiðinni sunnan við Raufarhöfn með sérstakri tengingu þangað. Fljótlega munu hafa legið fyrir tveir kostir um legu vegarins vestast á svæðinu út frá þjóðvegi nr. 85. Var annars vegar um að ræða svokallaða leið 140 yfir land Brekku og í framhaldi af því land Katastaða, en hins vegar leið 150 yfir land Presthóla og síðan Katastaða. Hugmynd að leið 141 varð síðar til, en í henni var vikið af leið 140 á kafla. Leið 141 er einnig í landi Brekku, en að hluta fylgir hún heimreið að Katastöðum. Ágreiningur reis um það hvaða leið skyldi valin á þessu svæði. Áfrýjendur kveðast frá öndverðu hafa lagst gegn því að land þeirra yrði tekið undir veginn og talið leið 150 ákjósanlegasta af mörgum ástæðum. Ábúendur hinna jarðanna tveggja munu á hinn bóginn hafa talið leið 140 vera betri kost. Áfrýjendur kveða hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps frá upphafi hafa verið sér mótdræga í málinu, en það hafi ratað inn á fund hennar í fyrsta sinn 17. maí 2002 vegna mats á umhverfisáhrifum vegarlagningarinnar, sem þá fór í hönd. Ábúandi Presthóla, sem átt hafi sæti í hreppsnefnd, hafi tekið þátt í gerð bókunar um málið á fundinum þrátt fyrir að eiga sjálfur hagsmuna að gæta í því. Í umfjöllun um málið eftir það hafi sveitarstjórn ítrekað brotið rétt á áfrýjendum. Á miðju ári 2006 varð til nýtt sveitarfélag, stefndi Norðurþing, við sameiningu nokkurra sveitarfélaga, þar á meðal Öxarfjarðarhrepps.

#### II

Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum var gerð vegna vegarlagningarinnar og hefur samantekt um niðurstöður hennar, dagsett í febrúar 2005, verið lögð fram í málinu. Þar kemur fram að skýrslan sé unnin af VSÓ Ráðgjöf ehf. undir stjórn stefnda Vegagerðarinnar. Um tilgang framkvæmdarinnar segir meðal annars að hann sé að stytta akstursvegalegd milli þéttbýliskjarna og stuðla þannig að myndun eins þjónustusvæðis, sem nái til Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar. Á sjö köflum fyrirhugaðs vegar verði lagðir fram valkostir til úrskurðar hjá Skipulagsstofnun, en allar veglínur, sem lagðar séu fram í matsskýrslunni, nái markmiðum framkvæmdarinnar. Í matsvinnunni hafi verið litið til þeirra umhverfisþátta, sem helst gætu orðið

fyrir áhrifum af framkvæmdinni, en það séu landslag, jarðmyndanir, gróður, fuglalíf og samfélag. Í niðurstöðu um matsvinnu segir að Vegagerðin taki ekki endanlega afstöðu til vals á veglínu, en um kosti í 1. áfanga verksins telji hún ákjósanlegra að fara leið 140 eða 141 en leið 150.

Með bréfi 25. febrúar 2005 óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Öxarfjarðarhrepps með vísan til 10. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Af því tilefni var meðal annars bókað eftirfarandi á fundi sveitarstjórnar 9. mars 2005: „Sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps getur ekki mælt með leið 150 frá núverandi þjóðvegi 85 austur fyrir Katastaði og leggur til að farin verði leið 141 enda fylgir sú leið núverandi heimreið að Katastöðum að mestu og hefði því minnst rask í för með sér.“ Málið var aftur tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar 13. apríl 2005 í tilefni bréfs frá lögmanni áfrýjenda og þá bókað: „Sveitarstjórn áréttar að í bókum sinni frá 9. mars sl. er sveitarstjórn einungis að benda á þá leið sem hún telur skynsamlegast að fara en hafnar ekki neinni þeirra leiða sem lagt er til, enda sveitarstjórn ekki úrskurðaraðili í málinu á þessu stigi. Er þessi bókun fullkomlega í samræmi við bókun sveitarstjórnar frá 18. september 2002 um sama mál, en þar segir: „sveitarstjórn leggur áherslu á að vegurinn yfir heiðina komi niður sem næst Kópaskeri án þess að skerða búskaparaðstöðu jarðanna sem vegurinn liggur um.“ ...“. Fram er komið að samkvæmt leið 150 lægi nýi vegurinn til austurs um einum kílómetra fjær Kópaskeri en samkvæmt leiðunum 140 og 141.

Skipulagsstofnun kvað upp úrskurð 3. ágúst 2005 um mat á umhverfisáhrifum af svonefndum Norðausturvegi. Þar var lýst vegleiðum 140, 141 og 150 og þess getið að ekki væri samstaða um endanlega veglínu vestast á svæðinu, en bæði áfrýjendur og ábúendur Presthóla og Katastaða komu sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar sagði í 5. kafla um áhrif á landnotkun að allar veglínur liggja um beitolönd sauðfjár og skipti því upp, en bæði áfrýjendur og ábúendur Presthóla og Katastaða hafi óskað eftir að vegurinn lægi sem minnst eða alls ekki í landi sínu. Vegagerðin telji veglínu 150 mun síðri en veglínur 140 og 141, en þær „þrengi ekki frekar að byggingarmöguleikum í landi Brekku en núverandi heimreið að Katastöðum enda fylgi veglína 140 að mestu heimreiðinni.“ Þá var einnig fjallað sérstaklega um áhrif framkvæmdarinnar á samgöngur, neysluvatn, menningarminjar, gróður, fugla, vatnafar og loks jarðmyndanir, víðerni og landslag. Taldi stofnunin veg samkvæmt leið 141 vera álitlegastan með tilliti til áhrifa á jarðmyndanir í 1. áfanga verksins. Í úrskurðarorðum sagði loks meðal annars: „Með vísun til niðurstöðu Skipulagsstofnunar sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar er fallist á fyrirhugaða veglagningu Norðausturvegar um Hólaheiði samkvæmt leiðum 140, 141 og 150 í 1. áfanga.“

Fornleifavernd ríkisins ritaði Skipulagsstofnun bréf 19. ágúst 2005 í tilefni áður nefnds úrskurðar. Taldi hún að framkvæmdir samkvæmt leiðum 140 og 141 myndu þrengja mjög að fornminjum á svæðinu og lýsti þeirri skoðun að veglína 150 væri æskilegri kostur en línur 140 og 141 í 1. áfanga umræddrar veglagningar.

Áfrýjendur kærðu úrskurð Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra 6. september 2005. Í kærinni var ýmsum rökum teft fram því til stuðnings að leið 150 væri betri en veglínur 140 og 141, en óhagræði við síðastnefndu veglínurnar var meðal annars talið felast í því að kaupa þyrfti upp eignarland í stað þess að nýta land íslenska ríkisins í Presthólum og Katastöðum, minjum og vatnslind við tiltekið fornbylí yrði raskað og skógræktarsvæði eyðilaggt. Ábúendur Daðastaða,

Presthóla og Katastaða kærðu einnig úrskurð Skipulagsstofnunar og kröfðust þess að einungis yrði fallist á veglínur 140 og 141. Úrskurður umhverfisráðherra í málinu var kveðinn upp 13. mars 2006, en áður höfðu sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps og Vegagerðin gefið umsögn í málinu og lagst á sveif með ábúendum síðastnefndra jarða. Í niðurstöðu ráðherra sagði meðal annars að þegar umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda um leiðir 140, 141 og 150 væru virt að teknu tilliti til þeirra mótvægisáðgerða, sem fram kæmu í úrskurðarorðum, væri ekki fallist á með áfrýjendum eða ábúendum Daðastaða, Presthóla og Katastaða að áhrif neinna þessara vegleiða væru umtalsverð í skilningi áðurgildandi b. liðar 2. mgr. 11. gr. laga nr. 106/2000. Í úrskurðarorðum var síðan staðfestur fyrrnefndur úrskurður Skipulagsstofnunar um að heimila fyrirhugaða lagningu Norðausturvegar um Hólaheiði samkvæmt leiðum 140, 141 og 150 í 1. áfanga verksins. Bætt var við tilteknum skilyrðum, hvort heldur vegleið 140, 141 eða 150 yrði fyrir valinu.

Í bréfi til Öxarfjarðarhrepps 22. mars 2006 sótti stefndi Vegagerðin um framkvæmdaleyfi á 20,8 km löngum kafla umrædds vegar með vísan til 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Vegurinn skyldi lagður um Hólaheiði samkvæmt veglínu 141 á vestasta hluta leiðarinnar í Núpasveit, en síðan samkvæmt veglínu 140 yfir Hólaheiði. Erindið var tekið fyrir í sveitarstjórn 4. apríl 2006 og samþykkt að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar svo að áfrýjendum og ábúendum Presthóla gæfist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við sveitarstjórn áður en ákvörðun yrði tekin. Málið var tekið fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar 27. apríl 2006 og eftirfarandi bókað: „Áður en formligur fundur hófst mætti Bogi Ingimundarson og gerði hann grein fyrir sjónarmiði landeigenda Brekku vegna máls nr. 8 á dagskrá fundarins.“ Mál með því númeri á dagskrá fundarins var bréf lögmanns áfrýjenda „vegna úrskurðar umhverfisráðuneytisins um umhverfismat vegar um Hólaheiði og vegna vegagerðar í landi Brekku í Öxarfjarðarhreppi.“ Mál nr. 9 á dagskránni var sagt vera umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi vegna vegar um Hólaheiði. Sveitarstjórn samþykkti erindi Vegagerðarinnar frá 22. mars 2006 með tilteknum skilyrðum og var sveitarstjóra falið að vinna að útfærslu þeirra í samvinnu við landeigendur og Vegagerðina. Þessa afgreiðslu málsins kynnti sveitarstjórinn stefnda Vegagerðinni með bréfi 28. apríl 2006. Í niðurlagi þess var óskað eftir tillögu Vegagerðarinnar um lausn á tilteknum framkvæmdaratriðum, sem yrði kynnt „landeigendum Brekku og Presthóla“ og sveitarstjórn. Einnig var tekið fram að sveitarstjórn hafi óskað eftir meðmælum Skipulagsstofnunar með framkvæmdaleyfinu, en þegar svar bærst yrði það tilkynnt Vegagerðinni og formllegt framkvæmdaleyfi afgreitt. Í bréfi Skipulagsstofnunar til Öxarfjarðarhrepps 2. júní 2006 var greint frá því að með vísan til 3. töluliðar ákvæða til bráðabirgða í skipulags- og byggingarlögum gerði stofnunin ekki athugasemdir við að sveitarstjórn veitti framkvæmdaleyfi með þeim skilyrðum, sem hún hafi sett.

Málið var loks tekið fyrir á fundi stjórnar sameinaðs sveitarfélags, stefnda Norðurþings, 25. september 2006 og var þar samþykkt að veita framkvæmdaleyfi með skilyrðum sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps frá 27. apríl sama ár. Framkvæmdaleyfi var síðan gefið út til stefnda Vegagerðarinnar degi síðar.

### III

Eftir að umhverfisráðherra kvað upp fyrrnefndan úrskurð 13. mars 2006 rituðu áfrýjendur

stefnda Vegagerðinni bréf 3. apríl sama ár, þar sem tilkynnt var að þeir myndu ekki una úrskurðinum og hygðust höfða mál til að fá hann felldan úr gildi. Í þessu fælist jafnframt sú afstaða að þeir bönnuðu allar framkvæmdir og röskun í landi Brekku. Vegagerðin svaraði áfrýjendum með bréfi 2. maí 2006, þar sem fram kom að fengist framkvæmdaleyfi Öxarfjarðarhrepps yrði leitað heimildar áfrýjenda til að hefja framkvæmdir í landi Brekku gegn fullum bótum fyrir land og efnistöku, en að öðrum kosti yrði óhjákvæmilegt að beita eignarnámsheimild þágildandi vegalaga nr. 45/1994. Áfrýjendur óskuðu eftir því 20. júní 2006 að dómkvaddir yrðu menn til að meta nánar tilgreind atriði vegna undirbúnings þess dómsmáls, sem þeir höfðu boðað með áður nefndu bréfi 3. apríl sama ár. Matsmenn munu hafa tekið til starfa í byrjun ágúst 2006 og luku þeir matsgerð 10. febrúar 2007. Vegagerðin ritaði áfrýjendum bréf 30. ágúst 2006, þar sem þeim var boðin tiltekin fjárhæð í bætur og gefinn frestur til 15. september sama ár til að svara, en að öðrum kosti yrði málinu vísað til matsnefndar eignarnámsbóta. Áfrýjendur svöruðu þessu erindi ekki innan frestsins og ritaði stefndi Vegagerðin þeim að nýju bréf 4. október 2006. Í niðurlagi þess var lýst yfir að stefnda væri nauðugur einn sá kostur að neyta eignarnámsheimildar 45. gr. þágildandi vegalaga og vísa málinu til matsnefndar eignarnámsbóta. Matsbeiðni til nefndarinnar var send degi síðar.

Áfrýjendur höfðuðu málið með stefnu 13. ágúst 2007. Í Hæstarétti hafa þeir meðal annars lagt fram endurrit úr gerðabók sýslumannsins á Húsavík 23. desember 2008, þar sem lagt var að kröfu áfrýjenda lögbann á framkvæmdir stefnda Vegagerðarinnar í landi Brekku frá þjóðvegi nr. 85 austur að landamerkjum þeirrar jarðar við Katastaði og Presthóla.

#### IV

Í samræmi við áðurgreint orðalag dómkrafna áfrýjenda halda þeir því fram að sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps hafi veitt stefnda Vegagerðinni framkvæmdaleyfi 27. apríl 2006 og að stefndi Norðurþing hafi síðar staðfest þá ákvörðun. Að framan var lýst hvernig að þessu var staðið og hvern hlut hvor sveitarstjórnin átti að máli. Ljóst er að sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps tók ekki endanlega ákvörðun og gaf ekki út framkvæmdaleyfið, þótt undirbúningur málsins færi fram fyrir því stjórnvaldi, heldur tók stefndi Norðurþing ákvörðun 25. september 2006 um að veita það leyfi, sem áfrýjendur krefjast að fellt verði úr gildi. Þessi annmarki á orðalagi kröfugerðar getur þó ekki leitt til þess að málinu verði vísað frá héraðsdómi að því er varðar stefnda Norðurþing. Krafa áfrýjenda á hendur þessum stefnda er að öðru leyti reist bæði á forms- og efnisástæðum, svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi. Með vísan til forsendna hans er fallist á að framkvæmdaleyfi stefnda Norðurþings til stefnda Vegagerðarinnar hafi ekki verið haldið slíkum annmörkum að varðað geti ógildingunni leyfisins. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu stefnda Norðurþings af kröfu áfrýjenda, en rétt er að málskostnaður milli þeirra falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### V

Ágreiningur áfrýjenda og stefnda Vegagerðarinnar lýtur að því hvort eign þeirra fyrrnefndu verði af þeim tekin gegn vilja þeirra, en ekki að fjárhæð bóta fyrir hana. Áfrýjendur bera meðal annars fyrir sig að 72. gr. stjórnarskrárinnar standi því í vegi að þeir verði sviptir eign sinni, en samkvæmt 1. mgr. hennar er eignarrétturinn friðhelgur og má engan skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji, til þess þarf lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

V784

Áfrýjendur vefengja að tvö þessara skilyrða séu uppfyllt í málinu. Þannig hafi hvorki verið fyrir hendi í þágildandi vegalögum heimild fyrir því eignarnámi, sem Vegagerðin telji sig hafa beitt, né hafi skilyrði um almenningsþörf verið fullnægt til að ganga mætti á landareign þeirra, enda hafi annar kostur verið fyrir hendi þar sem var land ríkisins í jörðunum Presthólum og Katastöðum.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir efni 4. og 5. gr. vegalaga nr. 45/1994, en þessi ákvæði lutu að stjórn vegamála og veghaldi. Með vísan til forsendna héraðsdóms verður fallist á þá niðurstöðu hans að vegamálastjóri eða löglærður fulltrúi í umboði hans hafi verið bær til að taka ákvörðun á grundvelli IX. kafla laganna um eignarnám á landi og jarðefni vegna þjóðvegagerðar að öðrum skilyrðum uppfylltum. Í héraðsdómi er jafnframt tekin afstaða til og hafnað þeirri málsástæðu áfrýjenda að engin lögmæt ákvörðun um eignarnám hafi verið tekin. Stefndi Vegagerðin ritaði áfrýjendum bréf 4. október 2006, sem getið var að framan, og vísaði málinu degi síðar til matsnefndar eignarnámsbóta. Að virtum fyrri samskiptum aðilanna og orðalagi bréfsins, sem beint var að áfrýjendum, verður fallist á að í því sé lýst með nægilega skýrum hætti ákvörðun um eignarnám. Verður samkvæmt framangreindu að hafna málsástæðum áfrýjenda, sem hér um ræðir.

Alþingi hefur ákveðið í samgönguáætlun að Norðausturvegur skuli lagður. Með þeirri ákvörðun hefur engin afstaða verið tekin til þess hvaða veglínu skuli fylgt af þeim kostum, sem ásættanlegir töldust við mat á umhverfisáhrifum, eða að almenningsþörf krefjist þess að farin skuli sú leið í landi áfrýjenda, sem eignarnám stefnda Vegagerðarinnar beinist að. Vegagerðin er ein af stofnunum Íslenska ríkisins og kostnaður af gerð Norðausturvegar er greiddur úr ríkissjóði. Þrír kostir voru fyrir hendi um val á leið vestast á þeim vegi, þar sem í einu tilviki var um að ræða land ríkisins, en í hinum tilvikunum land áfrýjenda. Eignarréttur þeirra er varinn af 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, sem heimilar því aðeins skerðingu þess réttar að almenningsþörf krefji, en við mat á því verður að gæta meðalhófs. Ef unnt var með ásættanlegum hætti að ná markmiði þessarar framkvæmdar með því að leggja veginn um eigið land ríkisins bar stefnda Vegagerðinni að fara þá leið.

Í áðurnefndum úrskurðum Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum af Norðausturvegi voru kostir og gallar hvernar veglínu ítarlega kannaðir og metnir. Niðurstöður þessara stjórnvalda voru ótvírætt á þann veg að allar leiðirnar þrjár væru ásættanlegar og að umhverfisáhrif yrðu í engu tilviki talin umtalsverð. Hlutverk þessara stjórnvalda var ekki að velja á milli leiða og það gerðu þau heldur ekki. Um tiltekin atriði voru ókostir við leið 150 taldir ívið meiri en af hinum leiðunum tveimur, en sá munur er óverulegur þegar borin er saman í heild sinni umsögn um leiðirnar þrjár, sem komu til álita. Umhverfisáhrif gátu því ekki réttlætt ákvörðun stefnda Vegagerðarinnar um að leita eignarnáms til að svipta áfrýjendur eign sinni í stað þess að leggja veginn eftir leið 150 yfir land ríkisins. Að öðru leyti hefur Vegagerðin borið fyrir sig að af vegtæknilegum ástæðum, sem svo eru nefndar, hafi veglínur 140 og 141 kosti umfram leið 150 og að kostnaður af þeim fyrrnefndu sé minni. Þessar staðhæfingar eru engum gögnum studdar og hafa ekki verið skýrðar frekar. Þá hefur Vegagerðin einnig hreyft því að vegalengdir milli þéttbýliskjarna verði styttri með því að velja fyrrnefndu leiðirnar. Af áðurnefndum úrskurði Skipulagsstofnunar verður þvert á móti ráðið að leið 150 sé rúmlega einum kílómetra styttri en hinar leiðirnar tvær. Sé litið til vegalengdar milli Kópaskers og hinna þéttbýlisstaðanna tveggja jafnast sá munur þó út þegar virt er að tenging Norðausturvegar

kemur inn á þjóðveg nr. 85 heldur sunnar frá Kópaskeri með leið 150 en með annarri hvorri hinna leiðanna. Þessar ástæður stefnda Vegagerðarinnar fyrir að fara yfir land áfrýjenda eru því haldlausar.

Ábúendur Presthóla og Katastaða gættu réttar síns á stjórnsýslustigi og í úrskurðum framangreindra stjórnvalda var ítrekað vísað til sjónarmiða þeirra og andstöðu við að leið 150 yrði farin, þótt óvíst sé hvort eða að hvaða marki það hafi haft áhrif á niðurstöður. Ekkert liggur fyrir um að eignarnám stefnda Vegagerðarinnar myndi hafa beinst að eignum þeirra. Sjónarmið ábúendanna um vegleið urðu því með engu móti lögð að jöfnu við afstöðu eiganda jarðanna, en þegar kom að því að taka ákvörðun um veglínu lá fyrir að áfrýjendur lögðust eindregið gegn því að verða sviptir eign sinni.

Samkvæmt öllu framanröktu var skilyrði stjórnarskrárinnar um almenningsþörf ekki uppfyllt til þess að stefndi Vegagerðin gæti beitt eignarnámi gegn áfrýjendum í umrætt sinn. Krafa þeirra um ógildingu eignarnámsins verður því tekin til greina. Stefndi Vegagerðin verður dæmdur til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem verður ákveðinn í einu lagi eins og nánar segir í dómsorði, en við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til kostnaðar áfrýjenda af matsgerð dómkvaddra manna, enda skiptir hún engu fyrir úrslit málsins.

#### Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður um sýknu stefnda Norðurþings af kröfu áfrýjenda, Dagbjarts Boga Ingimundarsonar og Rafns Ingimundarsonar. Málskostnaður milli þeirra fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ógilt er eignarnám stefnda Vegagerðarinnar 4. október 2006 á 30,01 hekturum lands og 136.500 m<sup>3</sup> af jarðvegi í landi jarðar áfrýjenda, Brekku í Núpasveit, vegna lagningar vegar frá þjóðvegi nr. 85 norðan Klapparóss austur um Hólaheiði í landi jarðarinnar.

Stefndi Vegagerðin greiði áfrýjendum samtals 2.000.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. maí 2008.

Mál þetta sem tekið var til dóms 7. apríl sl., er höfðað með birtingu stefnu 1. september 2007.

Stefnendur eru Dagbjartur Bogi Ingimundarson, Brekku í Núpasveit og Rafn Ingimundarson, Grófarinnára 5, Kópavogi.

Stefndi er Vegagerð ríkisins, Borgartúni 5-7, Reykjavík og sveitarfélagið Norðurþing, Stjórnsýsluhúsinu Ketilsbraut 9, Húsavík.

Stefnendur krefjast þess að felld verði úr gildi ákvörðun sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps, nú sveitarfélagsins Norðurþings um veitingu framkvæmdaleyfis 27. apríl 2006 til Vegagerðar ríkisins vegna lagningar þjóðvegur yfir Hólaheiði um Hófaskarð.

Þá er þess krafist að ógilt verði með dómi yfirlýst eignarnám Vegagerðar ríkisins á 30,01 hektara lands og 136.500 m<sup>3</sup> af jarðvegi úr jörðinni Brekku í Núpasveit vegna lagningar þjóðvegur eftir veglínu 141 frá þjóðvegi 86 frá Klapparósi að Katastöðum og austur að Blikalónsdal og veglínu 150 í Hólaheiði í landi Brekku yfir Hólaheiði um Hófaskarð samkvæmt bréfi Vegagerðar ríkisins dags. 4. október 2006 og matsbeiðni dags. 5. október 2006.

Jafnframt er þess krafist að Vegagerðin verði, hver sem úrslit máls verða, dæmd til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi að teknu tilliti til kostnaðar í matsmáli og 24.5% virðisaukaskatts en

stefnendur eru ekki virðisaukaskattskyldir.

Stefnendur féllu frá kröfum sínum á hendur Íslenska ríkinu.

Stefnda, Vegagerðin, krefst sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Stefnda, sveitarfélagið Norðurþing, krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

*Málsatvik.*

## I

Mál þetta lýtur að tveimur stjórnvaldsákvörðunum sem stefnendur, sem eigendur Brekku í Núpasveit, krefjast ógildingar á, annars vegar ákvörðun sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps um veitingu framkvæmdaleyfis til lagningar þjóðvegur yfir Hólaheiði um Hófaskarð og hins vegar yfirlýst eignamám Vegagerðar ríkisins samkvæmt bréfi Vegagerðar ríkisins 4. október 2006 og matsbeiðni til Matsnefndar eignarnámsbóta frá 5. október 2006.

## II

Á árinu 2002 hófst Vegagerðin handa við undirbúning veglagningar yfir Hólaheiði um Hófaskarð. Vegurinn átti að liggja frá þjóðvegi 85 skammt sunnan Kópaskers og liggja yfir Öxarfjarðarheiði í Öxarfjarðarhreppi og Svalbarðshreppi og koma af heiðinni nokkuð sunnan Raufarhafnar. Á 166. fundi sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps, 17. maí 2002, var tekið fyrir mál og bókað eftirfarandi: „Sigurður Árnason skýrði frá því að í hönd færi vinna við umhverfismat á vegalögn um Hófaskarð með fyrirhuguðu vegstæði í gegnum býlið Katastaði. Sveitarstjórn beinir því til Vegagerðarinnar að athuga aðra möguleika t.d. að leggja veginu á landamerkjum.“ Ekki verður ráðið af gögnum málsins eða framburði sveitarstjórnarmannanna Rúnars Þórarinssonar eða Sigurðar fyrir dómi, að atkvæðagreiðsla hafi farið fram á fundinum. Á fundi hreppsnefndar Öxarfjarðarhrepps 18. september 2002 var til meðferðar tillaga að matsáætlun fyrir Norðausturveg. Í tillögu að matsáætlun var gert ráð fyrir því að hluti vegarkafans, nánar tiltekið á vestasta kafla hans í Núpasveit í Öxarfirði, lægi um landareign Brekku. Bókað er á fundinum að sveitarstjórn leggi áherslu á að vegurinn yfir Hólaheiði komi niður sem næst Kópaskeri án þess að skerða búskaparstöðu þeirra jarða sem vegurinn komi til með að liggja um. Var sveitarstjóra falið að koma þessum sjónarmiðum á framfæri.

Lögmaður stefnenda ritaði bréf til Vegagerðar ríkisins 20. júní 2002 í tilefni af því að þeir hefðu fengið í hendur drög að matsáætlun Vegagerðar vegna Norðausturvegar. Þar koma fram mótmæli við fyrirhuguðum áformum Vegagerðar í þá átt að lagt verði nýtt vegarstæði í námunda við Presthólalón um jörðina Katastaði og Presthóla og yfir í land jarðarinnar Brekku. Orðrétt segir í niðurlagi bréfsins: „Af hálfu Umbj.m er áskilinn allur réttur til þess að koma að athugasemdum, mótmælum og hvers konar umkvörtunum á síðari stigum. Umbj.m. telja þó rétt að fyrir liggja strax ótvíræð afstaða þeirra og mótmæli gagnvart hugmyndum Vegagerðarinnar og vænta þess að til mótmæla þeirra sem hér eru fram sett með formlegum hætti verði litið við úrlausn málsins og horfið verði alfarið frá því að taka af jörðinni Brekku land undir vegarstæði eða efnisnámur Vegagerðarinnar.“

Stefnendur óskuðu eftir því að fá að byggja þrjú frístundahús í landi Brekku og liggur frammi í málinu bréf aðstoðarmanns byggingarfulltrúa frá 30. september 2002, þar sem fram kemur að byggingarnefnd Norðurþingeyinga hafi tekið jákvætt í þessa hugmynd annars stefnenda en fjalli ekki um byggingarleyfisumsókn fyrir en lóðarupprættir og teikningar af húsum liggja fyrir.

Með bréfi til oddvita Öxarfjarðarhrepps frá 16. október 2003 gerðu stefnendur hreppsnefnd grein fyrir því að þeir hefðu frá upphafi verið mótfallnir þeim hugmyndum að fyrirhuguð vegalagning um Hólaheiði milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar færi um land Brekku. Þá kemur fram í bréfi þessu að stefnendur hafi ítrekað kynnt



Vegagerð ríkisins á Akureyri um afstöðu sína. Bréf þetta var lagt fram á fundi hreppsnefndar 22. október 2003.

Með bréfi 6. apríl 2004 frá lögmanni stefnenda til Vegagerðar ríkisins áréttaði hann þá afstöðu stefnenda að þeir teldu ekki unnt að taka því þegjandi að Vegagerðin færi um veglínu 140 og 141, vestast á umræddum vegi og lögðu fram tillögur um annað vegstæði.

Með bréfi 16. september 2004, frá lögmanni stefnenda til Vegagerðar ríkisins, var áréttuð sú skoðun að fyrirhugað vegstæði kæmi til með að valda stefnendum verulegu tjóni.

Með bréfi Skipulagsstofnunar til Öxarfjarðarhrepps frá 25. febrúar 2005 var óskað eftir umsögn hreppsins vegna mats á umhverfisáhrifum Norðausturvegar um Hólaheiði, en matsskýrsla Vegagerðar hafði verið lögð fram í febrúar 2005. Vegagerðin lagði í meginatriðum til tvo valkosti á leiðinni yfir Hólaheiði, veglínur 150 og 140 sem báðar hlykkjast með fram landamerkjum Brekku og Presthóla, til skiptis um lönd jarðanna. Vestast á vegarkaflanum voru lagðir til þrjú valkostir, veglínur 140 og 141, norðan Klapparóss, Brekkumegin og veglína 150, sunnan Klapparóss, sem liggur um lönd Presthóla og Katastaða. Umsögn hreppsins var send Skipulagsstofnun með bréfi 23. mars 2005, en hinn 9. mars 2005 hafði umrætt vegstæði verið til umfjöllunar á fundi hreppsnefndar. Var þá gerð bókun þess efnis að sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps gæti ekki mælt með leið 150 frá núverandi þjóðvegi 85 austur fyrir Katastaði og lagði hún til að farin yrði leið 141, enda fylgdi sú leið núverandi heimreið að Katastöðum að mestu og hefði minnst rask í för með sér.

Stefnendur sættu sig ekki við afstöðu sveitarstjórnar og umsögn hennar um vegstæðin, eins og sjá má af bréfi lögmanns stefnenda til sveitarstjóra, Elvars Árna Lund, 22. mars 2005, þar sem gerð var sú krafa að sveitarstjórn tæki umrædda umsögn á ný á dagskrá sveitarstjórnar. Bréfi þessu svaraði lögmaður hreppsins 31. mars 2005. Í bréfinu er bent á að stefnendur hafi enn tíma til að skila inn álitum til Skipulagsstofnunar og til sveitarstjórnar áður en endanlegt framkvæmdaleyfi verði gefið út. Bréfi þessu svaraði lögmaður stefnenda með bréfi frá 4. apríl 2005. Þá sendu stefnendur athugasemdir sínar við matsskýrsluna til Skipulagsstofnunar í apríl 2005. Á fundi hreppsnefndar Öxarfjarðarhrepps 13. apríl 2005 var til umfjöllunar fyrirhuguð lagning Norðausturvegar um Hólaheiði. Var á fundinum samþykkt svohljóðandi bókun: „Bréf frá Sigurði Sigurjónssyni hrl. f.h. Rafns Ingimundarsonar og Boga Ingimundarsonar vegna bókunar sveitarstjórnar 9. mars 2005, 15. mál, umsögn sveitarstjórnar um norðausturveg um Hólaheiði. Bréf Jóns Höskuldssonar héraðsdómslögmanns, þar sem erindi landeigenda Brekku er svarað f.h. sveitarstjórnar. Einnig hafði borist bréf dags. 4/4 05 frá Sigurði Sigurjónssyni hrl. og athugasemdir og ábendingar landeigenda á Brekku í Núpasveit við matsskýrslu Vegagerðar ríkisins og VSÓ ráðgjafar vegna vegalagningar um Hólaheiði. Sveitarstjórn áréttar að í bókun sinni frá 9. mars sl., er sveitarstjórn einungis að benda á þá leið sem hún telur skynsamlegt að fara en hafnar ekki neinni þeirra leiða sem lagt er til, enda sveitarstjórn ekki úrskurðaraðili í málinu á þessu stigi. Er þessi bókun fullkomlega í samræmi við bókun sveitarstjórnar frá 18. september 2002 um sama mál, en þar segir: „sveitarstjórn leggur áherslu á að vegurinn yfir heiðina komi niður sem næst Kópaskeri án þess að skerða búskaparstöðu jarðanna sem vegurinn liggur um. Hér eftir sem hingað til er sveitarstjórn tilbúin til að funda með og ræða þá við landeigendur/ábúendur sem þess óska.“

Með úrskurði 3. ágúst 2005 féllst Skipulagsstofnun á fyrirhugaðar framkvæmdir samkvæmt veglínunum 140, 141 og 150. Fram komu þrjár kærur vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar, þar á meðal kæra stefnenda, frá 6. september 2005, þar sem þeir kærðu þá niðurstöðu að fallist hefði verið á veglínur 140 og 141, en kröfðust þess að einungis yrði fallist á veglínu 150. Þá kærðu ábúendur Presthóla og Katastaða og kröfðust þess að eingöngu yrði fallist á veglínur 140 og 141 en að því yrði hafnað að fara með veginn um veglínu 150. Þá kærðu ábúendur Daðastaða sem töldu veglínur 140 og 141 betri og raunhæfari kost.

Í málinu liggur einnig frammi bréf Fornleifaverndar ríkisins frá 19. ágúst 2005 til Skipulagsstofnunar, þar

sem segir m.a. að það sé mat stofnunarinnar að veglína 150 sé æskilegri kostur en veglínur 140 og 141 á þeim vegarkafli Norðausturvegar um Hólaheiði sem kallaður er 1. áfangi.

Sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps bárust til umsagnar frá umhverfissráðuneyti stjórnsýslukærunar stefnenda og á fundi 21. október 2005 var umsögnin afgreidd. Þar var þeirri staðhæfingu stefnenda hafnað að vegstæði á leið 140 og 141 gengi á svig við skipulagstillögur svæðisins. Þá var því enn fremur hafnað að brotið hefði verið á stefnendum við meðferð málsins hjá sveitarstjórn og kynningu þess á vegum starfsmanns Vegagerðarinnar fyrir sveitarstjórn. Stefnendur kveða að þeim hafi verið meinað að fá umsögn sveitarstjóra í hendur og sendu þeir sjálfir greinargerð til umhverfissráðuneytisins 5. desember 2005.

Með úrskurði frá 13. mars 2006 féllst umhverfissráðherra á veglagningu samkvæmt öllum framlögðum valkostum, með tilteknum skilyrðum. M.a. var svohljóðandi skilyrði sett til viðbótar þeim skilyrðum sem Skipulagsstofnun hafði sett: „Vegagerðinni ber að gæta ytrustu varkárni og nota aðferðir sem valda ekki skemmdum á Smalaskál verði leiðir 140 og 141 fyrir valinu í 1. áfanga.“ Var þetta skilyrði sett vegna staðhæfinga stefnenda um að framkvæmdir við umræddar veglínur 140 og 141 og titringur frá umferð gætu valdið hættu á Smalaskál, sem er hellisskúti í landi Brekku.

Stefnendur sendu Vegagerð ríkisins bréf 3. apríl 2006, þar sem fram kom að þeir bönnuðu allar framkvæmdir á sínu landi að svo stöddu. Vegagerðin svaraði bréfi stefnenda með bréfi 2. maí 2006, þar sem fram kom að stefnda, Vegagerðin, hefði sótt um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps vegna lagningar vegar á leið 141. Umsókn um framkvæmdaleyfi hefði verið tekin fyrir á 211. fundi sveitarstjórnar 4. apríl 2006 og bókað að afgreiðslu umsóknar hefði verið frestað til að gefa eigendum Brekku og ábúendum Presthóla kost á að koma að sjónarmiðum sínum. Beiðni Vegagerðarinnar, um framkvæmdaleyfi var á ný til meðferðar á fundi hreppsnefndar 27. apríl 2006 og samþykkti sveitarstjórn á þeim fundi beiðni stefndu, Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi, með skilyrðum um girðingu beggja vegna vegar og aðgengi búpenings að vatni úr Álftatjörn og útskotum sem nánar yrði greint í svarbréfi til framkvæmdaaðila. Á þennan fund mætti annar stefnenda og gerði hreppsnefndarmönnum grein fyrir sjónarmiðum eigenda Brekku vegna Norðausturvegar. Sveitarstjórn leitaði meðmæla Skipulagsstofnunar með bréfi, dags. 28. apríl 2006, þar sem ekki er aðalskipulag í gildi á því landsvæði sem vegur er lagður um. Í ofangreindu bréfi stefndu, Vegagerðarinnar, til lögmans stefnenda frá 2. maí 2006, kemur m.a. fram: „Samkvæmt framangreindu er framhald málsins í höndum sveitarstjórnar og er yður bent á að koma sjónarmiðum umbjóðenda yðar á framfæri við sveitarstjórn. Jafnframt skal tekið fram að fáist framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar til lagningar vegar samkvæmt leið 141 mun Vegagerðin leita heimildar umbjóðenda yðar til að hefja framkvæmdir í landi Brekku gegn fullum bótum fyrir land og efnistöku til vegagerðar. Fáist slík heimild ekki er Vegagerðinni nauðugur einn kostur að beita eignarnámsheimild X. kafla vegalaga nr. 45/1994.“ Meðmæli Skipulagsstofnunar lágu fyrir með bréfi 2. júní 2006. Formleg afgreiðsla framkvæmdaleyfis fór fram á fundi sveitarstjórnar 25. september 2006 og var tilkynnt stefndu, Vegagerðinni, með bréfi 26. september 2006.

Lögmaður stefnenda lagði fram beiðni 20. júní 2006 um dómkvaðningu matsmanna við Héraðsdóm Norðurlands eystra, til að meta í sjö liðum eftirfarandi álitafni:

1. Þess er óskað að hinir dómkvöddu matsmenn leggi mat á, hvort tryggt sé ef leið 140 eða 141 verður valin til framkvæmda í landi Brekku, að Smalaskál og aðrar þær náttúruminjar og fornminjar, sem skoðaðar hafa verið og gefur að líta í greinargerð matsbeiðenda og Dr. Halldórs G. Péturssonar verði ekki fyrir röskun eða skemmdum, hvorki með beinu hnjaski vegna framkvæmda eða síðar vegna afleiðinga vegalagnar svo sem af titringi frá umferð, mengun eða af öðrum ástæðum. Það er skoðun matsbeiðenda, að í forsendum Vegagerðar ríkisins sé ekki tekið tillit til þess, að hraunbrúnin nái mun sunnar og vestar en af gögnum vegagerðarinnar verði

ráðið og að veglínur 140 og 141 séu í reynd báðar á eldhrauni sem vegagerðin hefur litið fram hjá. Eru matsmenn beðnir að kanna sjálfstætt mörk hraunbrúnar norðan Klapparóss af þessum ástæðum. Þess er óskað að hinir dómkvöddu matsmenn láti uppi rökstutt álit á þessu.

2. Við val á vegstæði telja matsbeiðendur, að þeir verði fyrir stórfelldu tjóni. Þess er óskað, að því tilefni, að hinir dómkvöddu matsmenn meti og skoði eftirfarandi:
  - a) Að metið verði til verðs það land, sem færi undir vegstæði og helgunarsvæði vegar yrði önnur hvor veglína 140 eða 141 valin vestan Könguáss.
  - b) Að metið verði til verðs með sama hætti það land, sem færi undir vegstæði (helgunarsvæði) við val á veglínu 140 eða 150 í Hólaheiði í landi Brekku. Í því sambandi benda matsbeiðendur á að land, sem lendir sunnan veglínu verður ónýtanlegt fyrir matsbeiðendur.
3. Þess er óskað að hinir dómkvöddu matsmenn meti til verðs það tjón, sem hlýst af því, að vegstæði 140 eða 141 verði valið með tilliti til skerðingar á möguleikum til reksturs rafstöðvar við Klapparós.
4. Þess er óskað að hinir dómkvöddu matsmenn láti uppi rökstutt álit á því, hvort mögulegt sé, að ferskvatnslindir við fornbylíð Brekkusel muni spillast við vegstæði, sem fyrirhugað væri í línu 140 og 141.
5. Þess er óskað, að hinir dómkvöddu matsmenn meti til verðs það tjón, sem af hlýst við það, að ekki verður hægt að fénýta lóðir undir sumarbústaði (frístundabyggð) með sölu lóða norðan við fyrirhugað vegstæði í línu 140 og 141 verði þeir kostir valdir undir vegstæði. Í því sambandi er rétt, að matsmenn horfi til þess, að sveitarstjórn samþykkti á sínum tíma áform matsbeiðenda um frístundabyggð í landi Brekku norðan Klapparóss, hjá fyrirhuguðum veglínum 140 og 141 og hafa landeigendur allt frá því ljóst og leynt m.a. með gróðursetningu og friðun unnið að því að gera landið aðlaðandi fyrir sumarbústaðaeigendur með það fyrir augum að afsetja það síðar.
6. Þess er óskað að hinir dómkvöddu matsmenn láti uppi álit á því, hvort umrædd vegstæði 140 og 141 leiði til tjóns á girðingum og jafnframt, að metin verði sá gróður til verðs, sem kemur til með að fara undir umrædd vegstæði í línum 140 og 141.
7. Ef tillögur Vegagerðar ríkisins eru skoðaðar sést, að um þrjár aðgreindar línur er að tefla frá vestri til austurs þ.e. lína 140 og 141 og 150. Er inn á Hólaheiði er komið renna línur þessar nokkuð saman. Þess er óskað, að hinir dómkvöddu matsmenn meti til verðs allt það land, sem lendir sunnan veglínu í landi Brekku og sé þá bæði horft til tillagna 140, 141 og 150 en um nokkurn mismun er að tefla á því hversu mikið land lendir sunnan eftir því hvert þessara vegstæða eða veglína yrði valin.“

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Freys Jóhannessonar tæknifræðings og Kristjáns Sæmundssonar jarðfræðings, frá 10. febrúar 2007, segir svo um Smalaskál að matsmenn telji að hrunchætta í Smalaskál af völdum umferðar sé nánast engin, hvor veglína sem valin yrði. Um hraunjaðarinn segja matsmenn að nýtt útbreiðslukort sýni að veglína 140 sé að mestu á hrauni. Veglína 141 sé í jaðri hraunsins á um 350 m kafla þar sem hann er hvað óljósastur og rennur mjög út í eitt við melinn. Þá segir jafnframt að það kæmi til kasta Skipulagsstofnunar að samþykkja eða hafna vegarstæði 141 sem snerti hraunið, en hafi áður verið sýnt alveg utan þess. Eldhraun (10% af yfirborði Íslands) hafi samkvæmt náttúruverndarlögum meira vemdargildi en aðrar hliðstæðar jarðmyndanir, en ekki sé að sjá að sérstaklega sé sneitt hjá þeim með Hólaskarðsvegi, nema að því leyti að vegur um gervígígasvæðið í Presthólalhrauni (veglína 150) hafi ekki verið valinn.

Um farna bæjartótt segjast matsmenn vera sammála því áliti sem frain kemur í matsskýrslu VSÓ um að fornleifar, vörður o.fl. séu langt frá fyrirhuguðu vegstæði og þeim yrði því ekki hætta búin af vegagerð. Aðrar fornleifar á þessu svæði séu sams konar og aðrar fornleifar víða á landinu, þar sem vegir hafa verið lagðir, og látið

hefur verið nægja að halda vitaneskjum um þær til haga.

Varðandi matslið 3 var niðurstaða matsmanna að veglagning, hvort sem væri um veglínuna 140 eða 141, skerti ekki möguleika til reksturs rafstöðvar við Klapparós.

Varðandi matsliði 2, 5, 6 og 7 var álit matsmanna að land það sem einangraðist frá öðru nytjalandi, eða í þessu tilfalli sunnan veglínuna að girðingu beggja vegna, lækkaði að markaðsverði um 2/3 hluta þess verðmætis sem aðliggjandi land hefði.

Niðurstaða matsliða 2 og 7 um meint tjón stefnenda vegna veglína 140 og 141 var samtals 11.870.529 krónur vegna veglínuna 140, en 10.868.103 krónur varðandi veglínuna 141.

Niðurstaða matsliðar 4, um spillingu ferskvatnslinda var sú að yrði veglína 140 eða 141 valin, nýttist vatnsbólið ekki, enda aðrir kostir fyrir hendi, þ.e. tenging við vatnsveitu Kópaskers eða borun í hraunið.

Niðurstaða matsliðar 5 var sú að ekki væri um umtalsvert tjón að ræða, fram yfir það sem metið var undir matslið 2, en vegna legu landsins og eiginleika til útivistar væri um að ræða frekari verðmætisrýmun sem næmi 2.800.000 krónum, auk skógræktarplantna að verðmæti 300.000 krónum.

Niðurstaða matsliðar 6 var sú að tjón vegna eyðileggingar á girðingum næmi 150.000 krónum.

#### Matsliður 8

Þessi matsliður bættist við á matsfundi þann 9. ágúst 2006 og er svohljóðandi:

„Þess er óskað að hinir dómkvöddu matsmenn meti til verðs þá rýmun á landi Brekku sem hingað til hefur verið skilgreind sem ósnortið víðerni, en fellur nú undir vegstæði með beinum og óbeinum hætti og tapar gildi sínu sem ósnortið land.“

Niðurstaða matsmanna var að verðlækkun á umræddu landsvæði væri um 10% af grunnverði þess eða um 2.800 kr. á ha. Verðrýmun landsins sé því samkvæmt þessu  $7.000 \times 2.800 = 19.600.000$  kr.

Samkvæmt ofangreindu var það álit hinna dómkvöddu matsmanna að verðmæti þess lands sem færi undir veg og sú verðrýmun sem framkvæmdin hefði í för með sér næmi 24.720.529 krónum, yrði veglína 140 valin, en 33.718.103 krónum, yrði veglína 141 valin.

Með bréfi lögmanns stefnenda til matsmanna 7. mars 2007 var þess farið á leit að matsmenn leiðréttu „augljósar villur“ í matsgerð. Með bréfi matsmanna frá 12. mars 2007 er komið á framfæri þeirri leiðréttingu vegna matsliðar 1 að hrauntunga norðan við Brekkuselstættir nái lengra vestur en sýnt sé á korti, mynd 1 í matsgerðinni. Hrauntungan nái suður fyrir veglínuna 140/141 sem þannig liggja yfir hana. Um þessa leiðréttingu gildi það sama og sagt hafi verið í niðurlagi umfjöllunar um matslið 1 að það kæmi til kasta Skipulagsstofnunar að samþykkja eða hafna vegstæði sem snerti við hrauninu.

### III

Með bréfi dags. 30. ágúst 2006 gerði stefnda, Vegagerðin, stefnendum tilboð um bætur vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Stefnda veitti stefnendum 15 daga frest til að svara bréfinu og var tekið fram í bréfinu að bærst svar ekki innan hinna tilgreindu tímamarka mætti búast við að málinu yrði vísað til Matsnefndar eignarnámsbóta. Ekkert svar barst frá stefnendum innan tilgreindra tímamarka. Lögmaður stefnenda hefur haldið því fram að hann hafi boðað fjarveru sína í september og hafi lögmanni stefndu, Vegagerðar, verið um það kunnugt.

Tilkynnti stefnda, Vegagerðin, stefnendum með bréfi 4. október 2006 að leitað yrði eignarnámsheimildar 45. gr. vegalaga nr. 45/1994 og málinu vísað til Matsnefndar eignarnámsbóta. Daginn eftir, eða 5. október, var matsbeiðni send til Matsnefndar eignarnámsbóta. Lögmaður stefnenda ritaði þá bréf til stefndu, Vegagerðarinnar, 6. október 2006. Þar segir m.a. að það sé skoðun stefnenda að rétt sé að bíða eftir niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna áður en stefnda, Vegagerðin, hefjist handa um framkvæmdir eða knýi á um eignarnám. Tilboð um bætur í

bréfi Vegagerðarinnar frá 30. ágúst 2006 var talið ótímabært og því hafnað. Þá segir í bréfinu að afstaða stefnenda sé óbreytt og þeir leggist alfarið gegn framkvæmd þeirri sem ætlað sé að fara um veglínu 140 og 141 vestan Katastaða.

Stefnda, Vegagerðin, svaraði bréfi lögmanns stefnenda með bréfi frá 10. október 2006. Þar var áréttað að niðurstaða skipulagsyfirvalda um legu vegarins lægi fyrir. Enn fremur var greint frá því að útboð framkvæmda væri á næsta leiti. Stefnda áréttaði nauðsyn þess að beita eignarnámsheimildinni af þessum sökum en tók jafnframt fram að sem fyrr væri vilji til samningaviðræðna og að matsmáli yrði lokið með sátt. Erindi stefndu, Vegagerðarinnar, var tekið fyrir 16. október 2006 hjá Matsnefnd eignarnámsbóta. Lét þá lögmaður stefnenda bóka andmæli við framgangi matsmálsins fyrir nefndinni, þar sem ekki lægi fyrir ákvörðun matsbeiðenda um eignarnám. Einnig vegna þess að rekið væri matsmál um samkynja efni og auk þess vegna þess að niðurstaða um vegstæði lægi ekki fyrir, en forsendur umhverfismats hefðu verið vefngdar og matsgerð dómkvaddra matsmanna myndi taka á því álitafni.

Matsnefndin taldi lagaskilyrði fyrir hendi til að málið héldi áfram fyrir nefndinni. Vettvangsganga var ákveðin 9. nóvember 2006, en vegna snjóá var henni frestað. Varð úr að vettvangsskoðun frestaðist til sumars 2007. Áður, eða í febrúar 2007, var lögð fram matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna og síðar leiðrétt matsgerð. Í apríl 2007 auglýsti Vegagerðin útboð á umræddri framkvæmd og með bréfi frá 23. maí 2007 sendi stefnda stefnendum bréf þar sem fram kom að fyrirhuguð framkvæmd væri í samræmi við úrskurð umhverfisráðherra sem fallist hefði á lagningu vegar samkvæmt leiðum 140, 141 og 150. Í bréfinu ítrekaði stefnda fyrri afstöðu vegna vestasta hluta veglínunnar og tífundaði röksemdir þar að lútandi. Í niðurlagi bréfsins segir að stefnda geri ráð fyrir að umrædd matsgerð dómkvaddra matsmanna verði lögð fram í Matsnefnd eignarnámsbóta og komi til skoðunar við mat á bótum. Stefnda sé reiðubúin til að horfa til matsgerðar að einhverju leyti um mögulegar sættir við stefnendur, en ljóst sé að ekki verði fallist á matsniðurstöðu að öllu leyti hvað snerti ákvörðun bóta. Ekki sé þó unnt að fallast á þá kröfu stefnenda að leggja veginn eftir leið 150.

Með bréfi stefndu, Vegagerðarinnar, til lögmanns stefnenda 21. desember 2007 var tilkynnt að stefnendum hefðu verið metnar bætur samkvæmt úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta frá 28. nóvember 2007, að fjárhæð 11.885.000 kr. auk 3.500.000 kr. í málskostnað vegna eignarnáms á landi undir Norðausturveg og jarðefni til vegagerðar í landi jarðarinnar Brekku, Norðurþingi. Í bréfinu er því lýst yfir að stefnda, Vegagerðin, uni úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta og taki umráð hins eignarnumda.

Bréfi þessu svaraði lögmaður stefnenda með bréfi frá 28. desember 2007, þar sem því er mótmælt að stefnda slái eign sinni á land stefnenda, áður en niðurstaða dómstóla liggir fyrir.

Þá liggur fyrir tölvuskeyti frá lögmanni stefnenda 19. febrúar 2008, til lögmanns stefnda, þar sem fram kemur að greiðsla eignarnámsbóta verði geymd á hæstu mögulegu bankavöxtum uns niðurstaða liggir fyrir í dómsmáli þessu. Sama afstaða kom fram í bréfi hans frá 20. febrúar 2008.

Fyrir dóminn komu og gáfu skýrslur aðilar málsins, svo og matsmennirnir Freyr Jóhannesson og Kristján Sæmundsson, Gunnþóra Jónsdóttir, Sigurður Árnason, Rúnar Þórarinsson og Elvar Árni Lund.

Stefnandi, Dagbjartur Bogi, var spurður um fund sveitarstjórnar 27. apríl 2006 og hvort hann hefði fengið boðun á þann fund, en bókað hafi verið á fundi sveitarstjórnar 4. apríl 2006, að frestað væri afgreiðslu framkvæmdaleyfis til að gefa landeigendum Brekku og Presthóla kost á að koma á framfæri sínum sjónarmiðum. Kvaðst stefnandi ekki hafa fengið boðun á þann fund, en hann hefði hins vegar verið staddur af tilviljun á Kópaskeri rétt áður en fundur hófst. Hafi hann fengið að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum áður en formlegur fundur hófst.

Elvar Árni Lund, fyrrum sveitarstjóri, kvaðst muna eftir því að hafa séð bréf stefnenda frá 15. október 2003 ásamt greinargerðum og athugasemdum stefnenda vegna fyrirhugaðrar veglagningar. Hann kvað að sér og öðrum sveitarstjórnarmönnum hefði verið vel kunnugt, alveg frá upphafi málsins, um andstöðu stefnenda við veglagningu

um land Brekku. Kvaðst hann hafa rætt þessi mál við stefnanda, Dagbjart Boga, bæði á förnum vegi og í síma. Þá kvaðst hann hafa farið á vettvang ásamt öðrum sveitarstjórnarmönnum, að jörð Brekku, áður en framkvæmdaleyfið var veitt og hitt stefnanda, Dagbjart Boga, að máli. Hafi hann gengið með sveitarstjórnarmönnum um landið. Þá kvaðst hann einnig muna til þess að eina skiptið sem stefnendum hefði verið neitað um gögn í málinu, hefði verið er þeir báðu um umsögn sveitarstjórnar til umhverfisráðherra, en hana hefðu stefnendur fengið eftir að umsögnin hafði verið send umhverfisráðherra. Hann kvaðst hafa gætt þess sérstaklega að vanda til stjórnsýslu í þessu máli, þar sem sú afstaða stefnanda hefði verið ljós að mál þetta færi fyrir dómstóla. Fundargerðir sveitarstjórnar hafi verið settar á „internetið“ samdægurs.

Að öðru leyti en að ofan greinir þykir ekki þörf á að rekja framburði aðila og vitna fyrir dóminum.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

A.

Málsástæður varðandi ógildingu framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps.

Stefnendur benda á að framkvæmdaleyfi það sem sveitarstjórnin veitti á fundi sínum 27. apríl 2006 hafi verið ófullnægjandi og óskýrt. Það hafi verið óskilgreint í afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig að ekki komi fram fyrir hvaða veglínu framkvæmdaleyfi sé veitt. Reglur um efni framkvæmdaleyfis hafi því verið brotnar. Þá hafi fyrri ákvarðanir sveitarstjórnar verið teknar af mönnum sem voru vanhæfir, en létu málin til sín taka við afgreiðslu. Einnig hafi rannsóknarreglan verið brotin, en fyrir liggja að sveitarstjórnin hafi ekki gefið stefnendum raunverulegan möguleika á að fjalla um framkvæmdaleyfið. Þeir hafi ekki fengið tilkynningu um ákvörðun sveitarstjórnar um veitingu framkvæmdaleyfis og ekki verið upplýstir um kærunguleika. Sé það skýrt brot á andmælaeðglu 13. gr. stjórnsýslulaga og tilkynningarskyldu stjórnvalds, sbr. 14. gr. stjórnsýslulaga. Þá hafi upplýsingaregla einnig verið brotin á stefnendum, sbr. 15. gr. laganna. Engu breyti í því sambandi þótt stefnda, Vegagerðin, hafi upplýst umboðsmann stefnanda í bréfi dags. 2. maí 2006, að stefnda, Vegagerðin, hefði sent erindi til sveitarstjórnar með beiðni um framkvæmdaleyfi. Bréf þetta hafi verið ritað og sent eftir að framkvæmdaleyfi hafi verið útgefið og afgreitt og veitt stefndu, Vegagerðinni, 27. apríl 2006.

Þá byggja stefnendur einnig á því að fyrirhuguð veglagning í 1. áfanga, frá Klapparósi að Katastöðum um línu 141, sé í andstöðu við skipulagshugmyndir sveitarfélagsins. Þannig liggja fyrir að sveitarstjórn hafði veitt vilyrði fyrir byggingu frístundabyggðar á því svæði, sem afmarkað er til útivistar og skógræktar en sé nú ætlað undir veglínu Vegagerðarinnar. Telja stefnendur það fara í bága við gildandi skipulag og ályktun sveitarstjórnar.

B.

Málsástæður varðandi ógildingu eignarnáms

Stefnendur byggja á því að starfsmaður Vegagerðarinnar, löglærður fulltrúi, sé ekki bær að lögum til að taka ákvörðun um eignarnám eins og til er stofnað með bréfi frá 4. október 2006. Vegamálastjóri sé ekki heldur bær að lögum að taka ákvörðun um eignarnám en í lögum nr. 45/1994 komi hvergi fram að vegamálastjóri skuli taka ákvörðun um eignarnám eins og hér hátti til. Segi í lögnum að sá ráðherra sem með samgöngumál fari hafi yfirstjórn vegamála, en í 11. gr. laganna segi að ráðherra geti að fengnum tillögum vegamálastjóra, heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinnna vega, einkavega, reiðvega, hjólreiða- og göngustíga, enda komi fullar bætur fyrir. Í þessu geti engan veginn falist, að vegamálastjóri eigi að taka ákvörðun um eignarnám þjóðvega, en ráðherra um allar aðrar tegundir vega. Stefnendur benda á að eignarnám sé skerðing á eignarrétti, sem varinn sé af 72. gr. stjórnarskrár. Eignarnám sé undanþáguákvæði, þar sem ströng skilyrði þurfi að vera uppfyllt. Fráleitt geti talist að vegamálastjóri, sem sé fulltrúi Vegagerðarinnar, og fari með forræði á andstæðum hagsmunum við eignarnámsþola hafi ákvörðunarvald um það hvort eignarnám skuli yfirleitt fara fram eða ekki. Vegamálastjóri sé, eðli málsins

samkvæmt, vanhæfur til að taka slíka ákvörðun. Ráðherra haldi á því ákvörðunarvaldi og það sé ekki framseljanlegt í hendur vegamálastjóra eins og hér hátti til.

Þá er á því byggt að ótvírætt skilyrði fyrir eignarnámi sé að raunhæfar viðræður um samninga um kaup á eignum hafi farið fram milli aðila áður en eign er tekin eignarnámi. Ljóst sé að eignarnám sé aðeins lokaúrræði eignarnema, þegar ljóst sé að samningar takist ekki og önnur skilyrði fyrir eignarnámi séu uppfyllt. Stefnda, Vegagerðin, hafi tekið einhliða ákvarðanir í málinu, alveg án samráðs við stefnendur. Þannig hafi stefnda haft uppi hótanir um að fara í eignarnám, með bréfi frá 2. maí 2006, þrátt fyrir meðferð matsmáls hinna dómkvöddu matsmanna. Engar viðræður hafi þá átt sér stað um bætur, en með bréfi 30. ágúst 2006 hefði stefnendum verið sent bréf þar sem boðnar voru fram bætur. Tilboð stefndu um bætur séu ekki samningaviðræður. Bréf þetta hafi ekki borist lögmanni stefnenda fyrr en síðla í september 2006, en stefnda hefði sett tveggja vikna frest. Lögmaður stefnenda hefði sent bréf 6. október 2006, þar sem fram kom að ekki væri unnt að taka tilboði um bætur meðan matsgerð dómkvaddra matsmann lægi ekki fyrir.

Þá benda stefnendur á að ekki sé lýsing í matsbeiðni til Matsnefndar eignarnámsbóta á því landi sem krafist sé eignarnáms á, og ekki heldur lýsing á því hvar það jarðefni sé staðsett sem krafist sé eignarnáms á. Því uppfylli beiðni Vegagerðarinnar ekki ákvæði og skilyrði 1. mgr. 61. gr., sbr. 60. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnendur byggja á því að lagning Norðausturvegar eftir veglínu 141 til austurs leiði til þess að náttúruperlu sé spillt. Landið hafi verið afgirt frá 1945 og sé friðað. Með umræddri veglínu spillist jafnframt ferskvatnslindir við Klapparós og náttúruvætti eins og Smalaskál og fleiri vætti og minjar muni vera í stórhættu vegna slíkrar veglagnar. Þá hafi verið bent á að snjóalög séu sunnan undir Kõnguási og norðan Klapparóss, en svo virðist sem stefnda, Vegagerðin, hafi leitt hjá sér upplýsingar staðfróðra aðila um aðstæður og staðhætti. Vakin sé athygli á umsögn Fornleifaverndar, en hún mæli eindregið með að leið 150 verði valin til þess að komast hjá því að valda spjöllum á fornminjum og náttúruvætti.

Þá leiði hagsmunamat til þeirrar niðurstöðu að val á veglínu 141 vestan Katastaða með þeim hætti, sem fyrirhugað sé af hálfu stefndu, uppfylli ekki skilyrði 72. gr. stjórnarskrár um mat á almenningsþörf. Aðrar leiðir séu færar sem ekki hafi jafn mikil náttúruspjöll í för með sér. Augljósir annmarkar séu á ákvörðun stefndu, Vegagerðar ríkisins, um eignarnám, en stefnda hafi aldrei tekið afstöðu til þess hverju það varðaði að einn af þremur valkostum fælu það í sér að ekki þyrfti að taka land eignarnámi. Skilyrði eignarnáms sé almannþörf. Stefnda, Vegagerðin, hafi ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni og gefið stefnendum kost á andmælum, um það hvort almannþörf sé svo rík að velja beri fremur veglínu 141 frá þjóðvegi 85, en að fara um eigið land, þ.e. veglínu 150.

Þá er á því byggt af hálfu stefnenda að meðalhófsregla stjórnarsýsluréttar hafi verið brotin. Val á veglínu 141 frá Klapparósi að Katastöðum hafi ekki verið vægasta úrræðið. Þá hafi meðalhófsregla einnig verið brotin með því að eignarnámi hafi strax verið beitt áður en önnur og vægari úrræði voru fullreynd, þ.e. samningar við stefnendur. Þessir annmarkar séu verulegir og leiði til þess að ákvörðun um eignarnám sé ógildanleg. Svo virðist sem stefndu, Vegagerðinni, hafi verið fengið sjálfsveld um ákvörðun á veglínu. Stefnda, Vegagerðin, kynni stefnendum einhliða ákvörðun sína með bréfi 2. maí 2006, en hafi virt að vettugi umsagnar- og andmælarétt stefnenda í samræmi við ákvæði stjórnarsýslulaga.

Stefnendur telja ljóst að rannsóknarskylda stefndu hafi verið brotin og meðalhófsregla stjórnarsýsluréttar varðandi efnistöku í landi stefnenda. Stefnda taki nú efni í þjóðveg úr námum í landi Presthóla, en hafi möguleika á að taka ónælt efni úr námum í landi ríkisins. Stefnda, Vegagerðin, kjósi að taka efni úr landi stefnenda, þótt aðrar leiðir séu augljóslega færar.

Að lokum benda stefnendur á að engin ákvörðun um eignarnám hafi verið lögð fram í málinu, einungis

matsbeiðni til Matsnefndar eignarnámsbóta, en heimild til eignarnáms og ákvörðun stjórnvalds um eignarnám þurfi að liggja fyrir. Ekki sé nægilegt að starfsmaður Vegagerðar ríkisins leggi fram matsbeiðni. Stefnendur telja andmælaeglu stjórnsluréttar hafa verið brotna, þar sem þeim hafi einungis verið gefinn stuttur frestur til að koma að andmælum við hótun um eignarnám. Þá hafi rannsóknarregla einnig verið brotin með því að stefnda, Vegagerð ríkisins, hafi lýst yfir eignarnámi, áður en matsskýrsla hinna dómkvöddu matsmanna hafi legið fyrir.

Stefnendur vísa til 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, 72. gr. stjórnarskrár, vegalaga nr. 45/1994 og laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Þá er einnig vísað til stjórnslulaga nr. 37/1993.

Málsástæður og lagarök stefndu, Vegagerðar ríkisins.

Stefnda mótmælir þeim skilningi stefnenda að starfsmaður stefndu sé ekki bær að lögum til að taka ákvörðun um eignarnám, eða að vegamálastjóri sé ekki bær að lögum til að taka slíka ákvörðun. Stefnda byggir á því að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. vegalaga sé hún veghaldari þjóðvega, en samkvæmt 7. gr. s.l. séu þjóðvegir þeir vegir sem ætlaðir eru almenníngi til fjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp séu taldir í vegaaætlun, safnvegaáætlun og landvegaskrá. Sem veghaldara þjóðvega hljóti það að felast í skyldum stefndu að fara með eignarnámsheimildir vegna lands undir þjóðvegi. Stefnda hafi annast alla þætti eignarnámsmeðferðarinnar, þ.m.t. rekstur mála fyrir Matsnefnd eignarnámsbóta og dómstóla um áratugaskeið. Byggir stefnda á að þessi málsmeðferð sé venjuhelguð og staðfest með athugasemdalausri framkvæmd Matsnefndar eignarnámsbóta og dómstóla. Þá byggir stefnda á því að áratuga hefð sé fyrir því að lögmaður stefndu hverju sinni fari með eignarnámsmál f.h. stefndu. Lögmaður sá sem í hlut eigi sé löglærður starfsmaður stefndu og hafi sérþekkingu á málaflokknum. Hann fari því með eignarnámsmál í umboði vegamálastjóra sem veiti stefnda forstöðu, sbr. 1. mgr. 4. gr. vegalaga nr. 45/1994. Hefð sé komin á þessa framkvæmd og hafi lögmaður stefndu, sem jafnframt sé starfsmaður stefndu farið með þessi mál án athugasemda Matsnefndar eignarnámsbóta og dómstóla. Framangreindur skilningur styðjist líka við IX. kafla vegalaga nr. 45/1994 þar sem fjallað sé sérstaklega um eignarnám og fleira því tengt.

Varðandi þá málsástæðu stefnenda að ekki hafi farið fram raunhæfar viðræður um samninga um kaup á eignum áður en þess hafi verið óskað að eignir væru teknar eignarnámi, kveður stefnda að hún hafi sinnt skyldu sinni til að leita samninga við stefnendur þrátt fyrir að þeir hefðu lýst yfir afdráttarlausri andstöðu við framkvæmdirnar. Það komi fram í bréfi stefnenda dags. 3. apríl 2006, þar sem stefnendur lýsi því yfir að þeir vilji ekki una úrskurði umhverfisráðuneytisins og telji hann ekki standast lög eða vera skilvirka og skipulega og skýra stjórnslulega afgreiðslu málsins. Þar komi jafnframt fram að stefnendur leggist gegn hvers konar framkvæmdum vegna fyrirhugaðrar vegalagningar og banni afdráttarlaust allar framkvæmdir og röskun á sínu landi, sem tilheyri jörðinni Brekku. Þrátt fyrir þessa yfirlýstu andstöðu stefnenda, hafi stefnda, með bréfi 30. ágúst 2006, boðið stefnendum bætur vegna fyrirhugaðra framkvæmda, allt í því augnamiði að freista þess að ná samningi við stefnendur áður en gripið var til þess neyðarúrreðis að óska eftir eignarnámi. Hafi stefnda veitt stefnendum 15 daga frest til að svara bréfinu og hafi verið tekið fram í bréfinu að málinu yrði vísað til Matsnefndar eignarnámsbóta, bærst ekki svar innan tilgreindra tímamarka. Ekkert svar hafi borist frá stefnendum innan tilgreindra tímamarka. Hafi því stefnda tilkynnt, með bréfi 4. október 2006, að hún hygðist óska eignarnáms og sent matsbeiðni til Matsnefndar eignarnámsbóta í kjölfarið. Stefnendur hafi hins vegar hafnað tilboði um bætur með bréfi 6. október 2006, og talið það ótímabært. Hafi sú afstaða stefnenda verið áréttuð að þeir legðust alfarið gegn framkvæmd þeirri, sem ætlað var að fara um veglínu 140 og 141, vestan Katastaða. Í bréfi stefndu, þar sem framangreindu bréfi stefnenda var svarað, var áréttuð að kæmi í ljós vilji undir rekstri málsins til samninga af hálfu stefnenda, væri stefnda fús til samningaviðræðna. Hafi stefnda jafnframt bent stefnendum á þann möguleika að unnt væri að fresta meðferð



málsins á meðan sáttaumleitanið fær fram. Ekki hafi reynt á það, þar sem afstaða stefnenda hafi verið afdráttarlaus.

Stefnda telur að með framangreindri framgöngu sinni hafi hún gert allt sem ætlast hafi mátt til af henni við þessar aðstæður til að ná samningum við stefnendur áður en reyndi á eignarnámsleiðina. Stefnendur hafi hins vegar frá upphafi lýst andstöðu við þá veglínu sem stefnda hafi ákveðið að mæla með og skipulagsyfyrvöld hafi ákveðið að farin yrði. Stefnendur hafi í engu svarað tilboði stefndu öðru en því að bjóða fram aðra veglínu en skipulagsyfyrvöld hafi ákveðið. Stefnda geti ekki samið um annan kost en skipulagsyfyrvöld ákveði, sbr. 29. gr. vegalaga nr. 45/1994 og skipulags- og byggingalög.

Stefnda telur það ekki hafa verið í samræmi við lög ef beðið hefði verið með samningaviðræður haustið 2006 þar til niðurstöður dómkvaddra matsmanna hefðu legið fyrir. Samkvæmt 46. gr. vegalaga nr. 45/1994 beri að ákveða bætur með samkomulagi eða mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Ekki sé gert ráð fyrir að dómkvaddir matsmenn ákvarði bætur. Þá telur stefnda að það hafi verið fyrrikláttur af hálfu stefnenda að neita samningaviðræðum með bréfi 6. október 2006 á þeim grunni að bíða ætti niðurstaðna dómkvaddra matsmanna. Það sjáist best á því að þegar niðurstöður lágu loks fyrir í febrúar 2007, hafi stefnendur ítrekað fyrri afstöðu sína um að neita að ganga til samninga um veglínu sem ákveðin hafði verið af skipulagsyfyrvöldum. Andstaða þeirra hafi verið skýr og óháð niðurstöðum hinna dómkvöddu matsmanna.

Varðandi þá málsástæðu stefnenda að matsbeiðni sé efnislega óskýr, bendir stefnda á að matsbeiðni hafi verið í samræmi við áratuga athugasemdalaus venju/hefð og tilgreining hins eignarnumda nægilega skýr. Í tilboði stefndu til stefnenda á dóm skjali 32 og matsbeiðni á dóm skjali 36 sé land tilgreint í hekturum og sundurgreint í ræktunarland, beitiland og heiðarland. Þá séu bæði veglína og efnistökusvæði á heiðinni sýnd með myndrænum hætti. Byggi stefnda á því að tilgreining hins eignarnumda sé nægilega skýr til að unnt sé að átta sig á að hverju eignarnámið beinist, þannig að unnt sé að meta bætur til stefnenda.

Einnig hafi Matsnefnd eignarnámsbóta fallist á að tilgreining hins eignarnumda hafi verið nægilega skýr og að lagaskilyrði hafi verið fyrir hendi til að málið heldi áfram hjá nefndinni. Þá hafi hvorki verið bókaðar athugasemdir varðandi það atriði við fyrirtöku málsins 16. október 2006 né síðar, hvorki frá lögmanni stefnenda né Matsnefnd eignarnámsbóta.

Kveður stefnda að sú málsástæða stefnenda, að val á veglínu 141 uppfylli ekki skilyrði 72. gr. stjórnarskrár um almenningsþörf, sé fráleit. Umræddar framkvæmdir séu í samræmi við þingsályktun um samgönguáætlun, sbr. ljósrit úr samgönguáætlun á dóm skjali nr. 64. Þá hafi Skipulagsstofnun með úrskurði sínum fallist á fyrirhugaðar framkvæmdir samkvæmt veglínunum 140, 141 og 150. Hið sama hafi umhverfisráðherra gert með úrskurði uppkveðnum 13. mars 2006. Þá séu fyrirhugaðar framkvæmdir í samræmi við skipulag, en stefnda sé skylt að fara eftir gildandi skipulagi, sbr. 29. gr. vegalaga. Þannig sé enginn vafi á því að fyrirhugaðar framkvæmdir uppfylli kröfur 72. gr. stjórnarskrár um almenningsþörf.

Varðandi þá málsástæðu að meðalhófsregla stjórnsýsluréttar hafi verið brotin við meðferð málsins, þar sem vægasta úrræði hafi ekki ráðið vali á veglínu, vísar stefnda til þess að bæði Skipulagsstofnun og umhverfisráðherra hafi fallist á allar þrjár veglínurnar. Eigendur og eða ábúendur aðliggjandi jarða hafi hins vegar verið ósammála um hvar vegurinn ætti að liggja. Ákvörðun stefndu um val á veglínu byggi á vegtæknilegum atriðum, umhverfissjónarmiðum og kostnaðarhagkvæmni. Ákvörðun stefndu byggi því á málefnalegum forsendum.

Varðandi þá málsástæðu stefnenda að rannsóknarregla og meðalhófsregla hafi verið brotnar við val á námum til efnistöku, vísar stefnda til þess að hagkvæmnissjónarmið liggi að baki ákvörðun um val á námum. Þar komi til skoðunar náttúruverndarsjónarmið, staðsetning, gæði efnis og kostnaður við að vinna það. Sú ákvörðun sé byggð á málefnalegum forsendum.

Um lagarök vísar stefnda til vegalaga, einkum 4., 5., 18. og 29. gr. þeirra og IX. kafla laganna. Þá vísar stefnda til laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms, til skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, ákvæða stjórnáskilulaga og ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Málsástæður og lagarök stefnda, Norðurlands.

Stefndi kveður ákvörðun um framkvæmdaleyfi Vegagerðarinnar ekki hafa verið tekna 27. apríl 2006, heldur 25. september sama ár, enda hafi afgreiðsla hreppsnefndar Öxarfjarðarhrepps á fundi 27. apríl 2006 ekki verið fullnaðarafgreiðsla málsins heldur hafi komið í hlut bæjarstjórnar stefnda að veita hið umbeðna leyfi. Þá byggir stefndi enn fremur á því að stefna hefði átt framkvæmdaraðila, þ.e. Vegagerðinni, til að þola ógildingu framkvæmdaleyfis, en ekki sveitarstjórn þeirri sem leyfið veitti, enda hafi hún enga hagsmuni af úrlausn málsins. Því kunni að vera nauðsynlegt að vísa frá dómi kröfu stefnenda á hendur stefnda, án kröfu þar um.

Varðandi þá málsástæðu stefnenda, að undirbúningur sveitarstjórnar að ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis, hafi verið ófullnægjandi þar sem „fyrri ákvarðanir“ hafi verið teknar af mönnum sem hafi verið vanhæfir, heldur stefndi fram að þessi staðhæfing sé engum rökum studd við lýsingu stefnenda á málsástæðum. Í málsatvikakafla stefnenda komi hins vegar fram að Sigurður Árnason, hreppsnefndarmaður og ábúandi á ríkisjörðinni Presthólum, hafi greitt atkvæði um málefni sem varðaði hann persónulega. Þá sé það rakið að Sigurður Árnason hafi óskað eftir að kaupa jörðina Presthóla án þess að skýrt sé hverju það geti varðað kröfur stefnenda. Sé vandséð á hvaða rökum þessi málsástæða stefnenda hvíli, þar sem fyrirhuguð veglína Norðausturvegar liggja um óskipt land jarðanna Katastaða og Presthóla og skeri land þeirra, ekki síður en land Brekku. Hagsmunir eigenda og ábúenda Brekku og Presthóla fari saman í málinu og vandséð hvernig Sigurður Árnason geti greitt atkvæði á fundi hreppsnefndar með eigin hagsmunum en gegn hagsmunum stefnenda.

Þá kveður stefndi að ekki sé að öllu leyti útskýrt af hálfu stefnenda að hvaða leyti þeir byggja á því að ákvörðunin hafi ekki verið undirbúin lögum samkvæmt. Fyrir liggja að hreppsnefndin hafi kynnt sér rannsóknir og athugasemdir á mögulegum veglínnum og hugsanleg áhrif á umhverfi svæðisins, m.a. með vettvangsgöngu á svæði fyrirhugaðra framkvæmda. Þau gögn sem um ræði séu einkum samantekt Halldórs G. Péturssonar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, Matskýrsla VSÓ ráðgjafar, athugasemdir og ábendingar stefnenda, úrskurður Skipulagsstofnunar og úrskurður umhverfisráðherra. Öll framangreind gögn hafi legið fyrir þegar hreppsnefndin hafi fjallað um málið og tekið ákvörðun á fundi sínum 27. apríl 2006 um að leita eftir meðmælum frá Skipulagsstofnun vegna hins umbeðna framkvæmdaleyfis.

Hafi hreppsnefndin verið knúin til að fara þá leið, þar sem fyrirhuguð framkvæmd hafi verið á óskipulögðu svæði. Aðalskipulag fyrir Öxarfjarðarhrepp liggja ekki fyrir á því svæði sem um ræði og samkvæmt 3. tl. í ákvæði til bráðabirgða með skipulags- og byggingalögum nr. 73/1997 geti sveitarstjórn, án þess að fyrir liggja staðfest aðal- eða svæðisskipulag eða samþykkt deiliskipulag, að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar, leyft einstakar framkvæmdir sem sótt er um.

Umbeðið framkvæmdaleyfi samkvæmt umsókn Vegagerðarinnar í bréfi frá 22. mars 2006 hafi verið til meðferðar hjá hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps á fundi nefndarinnar 4. apríl 2006 og hafi þá verið ákveðið að fresta umfjöllun og afgreiðslu málsins og gefa stefnendum kost á að tjá sig um málið. Á fundi nefndarinnar 27. apríl hafi svo verið ákveðið að leita tilskilinna meðmæla Skipulagsstofnunar. Þar með hafi afskiptum hreppsnefndar af málinu lokið og við hafi tekið hið nýja sveitarfélag, Norðurland, við sameiningu sveitarfélaganna. Það hafi því komið í hlut stefnda að veita hið umbeðna leyfi og hafi það verið gert á fundi bæjarstjórnar stefnda 25. september 2006.

Varðandi þá málsástæðu stefnenda að hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps hafi aldrei gefið stefnendum raunverulegan kost á að fjalla um framkvæmdaleyfið bendir stefndi á að stefnendur hafi fengið eðlileg tækifæri til að

tjá sig um málið og hafi afstaða þeirra legið fyrir við lokaafgreiðslu málsins í september 2006. Með bréfi til oddvita Öxarfjarðarhrepps frá 15. október 2003 hafi stefnendur látið í ljós þá skoðun sína að þeir væru mótfallnir tilteknum hugmyndum um veglagningu um Hólaheiði milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar. Komi fram í bréfinu að þessi skoðun stefnenda hafi ítrekað verið tilkynnt Vegagerðinni og þar komi fram röksemdir stefnenda fyrir afstöðu þeirra. Þessi skoðun var kunnug hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps og að stefnendur hvikuðu ekki frá andstöðu sinni við veglínur 140 og 141. Stefnendur hafi notið aðstoðar lögmanns frá upphafi málsins og hafi hann komið sjónarmiðum þeirra á framfæri við hreppsnefndina áður en hún hafi tekið ákvörðun um að leita meðmæla með framkvæmdaleyfinu til Skipulagsstofnunar. Þá hafi á fundi hreppsnefndar 4. apríl 2006 verið frestað afgreiðslu á beiðni Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi gagnert til að leita eftir sjónarmiðum frá stefnendum. Þetta hafi hreppsnefndin gert jafnvel þótt lagaskilyrði stæðu alls ekki til þess, enda hafi öllum verið ljós neikvæð afstaða stefnenda. Ákvörðun hreppsnefndar um að fresta umfjöllun um málið og fá Dagbjart Boga Ingimundarson til fundar við hreppsnefndina staðfesti vandaðan undirbúning málsins í hvívetna. Í 13. gr. stjórnisýslulaga sé kveðið á um að aðili máls skuli eiga kost á að tjá sig um mál áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök. Stefndi bendir á að þrátt fyrir að afstaða stefnenda til málsins hafi legið fyrir allt frá árinu 2002 hafi engu að síður verið leitað til stefnenda og þeim gefinn kostur á að tjá sig. Samkvæmt framangreindu fái ekki staðist sú viðbára stefnenda að þeir hafi ekki fengið tækifæri til að tjá sig í málinu.

Varðandi þá málsástæðu stefnenda að 14. og 15. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 hafi verið brotnar, bendir stefndi á að ekki sé rökstutt með viðhlítandi hætti hvernig stefnendur telji þessi lagaákvæði eiga við í málinu. Stefndi bendir á bréf stefnenda til Öxarfjarðarhrepps frá 15. október 2003, þar sem stefnendur veki máls á afstöðu sinni til fyrirhugaðra vegframkvæmda. Frá þeim degi hafi stefnendum verið kunnugt um málið og geti því ekki borið fyrir sig að þeim hafi ekki verið tilkynnt sérstaklega um það af hálfu stefnda. Fjöldmörg síðari bréf og upplýsingaöflun stefnenda staðfesti og að stefnendur fylgdust allan tímann með gangi málsins og vissu hvað leið framgangi þess og undirbúningi.

Varðandi þá málsástæðu stefnenda að sveitarstjórnin hafi ekki afmarkað fyrir hvaða veglínu veitt hafi verið framkvæmdaleyfi, og því sé leyfinu áfátt, bendir stefndi á að í umsókn Vegagerðarinnar, í bréfi frá 22. mars 2006, komi skýrt fram að sótt sé um leyfi fyrir framkvæmd við byggingu Norðausturvegar um Hólaheiði samkvæmt veglínu 141 á vestasta hluta leiðarinnar í Núpasveit, en síðan samkvæmt veglínu 140 yfir Hólaheiði og samkvæmt veglínu 120 í Þistilfirði. Þá hafi því verið lýst yfir af umsækjanda að hann myndi fylgja skilyrðum samkvæmt úrskurðum Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra. Stefndi hafi veitt leyfið samkvæmt heimild í 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með tilvísun til þeirra skilyrða sem skýrt liggi fyrir af bókun hreppsnefndar Öxarfjarðarhrepps frá fundi nefndarinnar 27. apríl 2006, en þar komi fram að lagt sé til að leyfið verði veitt samkvæmt umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi, í bréfi dags. 22. mars 2006. Enginn þurfi því að velkjast í vafa um hvaða veglínur það séu sem framkvæmdaleyfi stefnda ná til.

Að auki byggir stefndi á því að ekki hafi verið nauðsynlegt að stefna Norðurþingi til ógildingar framkvæmdaleyfis. Útgáfa slíks leyfis feli í sér stjórnvaldsákvörðun og sé kæránleg til æðra stjórnvalds. Að þessu virtu telji stefndi ýmis tormerki á að stefndi geti átt aðild að dómsmáli milli eigenda Brekku og Vegagerðarinnar.

Að endingu bendir stefndi á að sú ályktun stefnenda að fyrirhuguð vegalagning í 1. áfanga frá Klapparósi að Katastöðum eftir veglínu 141 sé í andstöðu við skipulagshugmyndir stefnda, sé á misskilningi byggð og beinlínis röng. Stefnendur hafi lagt fram bréf Óskars Óla Jónssonar frá 30. september 2002, þar sem fram komi að byggingarnefnd Norður-Þingeyinga hafi tekið jákvætt í hugmynd annars stefnenda um að byggja þrjú frístundahús í landi Brekku. Fram komi einnig að byggingarnefnd fjalli ekki um byggingarleyfisumsókn fyrir en lóðaruppdrættir og

teikningar af húsum liggja fyrir. Í þessari afgreiðslu felist ekki annað en jákvæð afstaða til hugmynda um þrjú frístundahús í landi Brekku. Sú hugmynd hafi ekki verið nánar útfærð eða teikningar lagðar fram, þegar kom að því að afgreiða erindi Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi fjórum árum síðar.

Samkvæmt framangreindu kveður stefndi að ekki hafi verið sýnt fram á að framkvæmdaleyfi stefnda sé haldið efnis- eða formannmörkum sem leiða eigi til ógildingar þess.

Niðurstaða.

Stefnendur byggja á því að á framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Norðurþings og ákvörðun Vegagerðar um eignarnám séu bæði efnis- og formannmarkar sem leiða eigi til ógildingar ákvarðananna. Verður fyrst leyst úr ágreiningi varðandi framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Norðurþings.

Ber fyrst að geta þess varðandi aðild málsins, að sveitarfélagið Norðurþing varð til við sameiningu fjögurra sveitarfélaga á árinu 2006: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps.

Vegna málsástæðna sem stefnendur tefla fram, m.a. um hæfi hreppsnefndarmanna, ber nauðsyn til að stefnda, sveitarfélagið Norðurþing, eigi aðild að máli þessu sem m.a. er höfðað til ógildingar á framkvæmdaleyfi sem stefndi veitti. Breytir þar engu um að ákvörðun stefnda um veitingu framkvæmdaleyfis sé kæránleg til æðra stjórnvalds, enda eiga dómstólar úrskurðarvald um embættistakmörk yfirvalda, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefnendur hafa haldið því fram að framkvæmdaleyfi sem „sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps“ veitti á fundi sínum 27. apríl 2006 hafi verið ófullnægjandi og óskýrt.

Samkvæmt fundargerð hreppsnefndar Öxarfjarðarhrepps frá 4. apríl 2006 var framkvæmdaleyfi samkvæmt umsókn stefndu, Vegagerðarinnar, þá til meðferðar hjá hreppsnefndinni. Var þá ákveðið að fresta umfjöllun og afgreiðslu málsins og gefa stefnendum og ábúendum Presthóla kost á að koma á framfæri sínum sjónarmiðum. Á fundi nefndarinnar 27. apríl 2006 var bókað að sveitarstjórn samþykkti beiðni Vegagerðar um framkvæmdaleyfi með ákveðnum skilyrðum, en í bréfi sveitarstjóra til stefndu, Vegagerðar, 28. apríl 2006, kemur fram að fornlegt framkvæmdaleyfi verði afgreitt þegar svar frá Skipulagsstofnun hafi borist, en nauðsynlegt hafi verið að óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunar. Af gögnum þessum verður ekki annað ráðið en að endanlegt framkvæmdaleyfi hafi ekki verið veitt fyrr en á fundi stefnda, 25. september 2006, sbr. og bréf frá framkvæmdastjóra umhverfis- og tæknisviðs stefnda, 26. september 2006.

Stefnendur hafa ekki gert ljósa grein fyrir þeirri málsástæðu að framkvæmdaleyfið hafi verið ófullnægjandi og óskýrt, en ráða má af málatilbúnaði þeirra að átt sé við að ekki sé afmarkað að hvaða veglínum framkvæmdaleyfið laut. Í umsókn stefndu, Vegagerðarinnar, í bréfi 22. mars 2006, kemur skýrt fram að sótt sé um leyfi fyrir framkvæmd við byggingu Norðausturvegar um Hólaheiði samkvæmt veglínu 141 á vestasta hluta leiðarinnar í Núpasveit, en síðan samkvæmt veglínu 140 yfir Hólaheiði og samkvæmt veglínu 120 í Þistilfirði. Stefndi veitti leyfið með vísan til þessarar umsóknar stefndu, Vegagerðarinnar, og er því ekki fallist á að framkvæmdaleyfi stefnda sé óljóst eða ófullnægjandi.

Af hálfu stefnenda er einnig á því byggt að „fyrrri ákvarðanir“ hafi verið teknar af mönnum sem voru vanhæfir og létu málið til sín taka. Af málatilbúnaði stefnenda má ráða að átt sé við að hreppsnefndarmaðurinn Sigurður Árnason hafi, á fundi hreppsnefndar, 17. maí 2002, tekið þátt í málsmeðferð vegna fyrirhugaðrar vegalagnar, en Sigurður þessi var þá ábúandi á jörðinni Presthólum og Katastaðir eru jörð úr Presthólum. Á fundi hreppsnefndar var bókað að sveitarstjórn beindi því til Vegagerðar að athuga aðra möguleika en að leggja vegstæði í gegnum býlið Katastaði. Ekki verður af bókun á fundinum ráðið að atkvæðagreiðsla hafi farið fram á fundinum og fyrir dómi kváðust hvorki Sigurður né sveitarstjórnarmaðurinn Rúnar Þórarinnsson, minnst þess. Ekki er fallist á að hreppsnefndarmaðurinn hafi verið vanhæfur til að taka þátt í meðferð málsins á þessu stigi, enda var á fundinum

aðeins verið að velta fyrir sér möguleikum varðandi veglagningu þessa og engin stjórnvaldsákvörðun var tekin á fundinum. Þá verður ekki séð hvaða hagsmuni hreppsnefndarmaðurinn hafði umfram stefnendur af þeirri tillögu sveitarstjórnar sem sett var fram á fundinum, að aðrir möguleikar á lagningu vegarins yrðu athugaðir.

Áður en stefndi tók ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis lágu fyrir rannsóknir á mögulegum veglínnum og hugsanlegum áhrifum á umhverfi svæðisins, þar á meðal samantekt Halldórs G. Péturssonar, Matsskýrsla VSÓ ráðgjafar, athugasemdir og ábendingar stefnenda í tilefni af Matsskýrslu VSÓ og Vegagerðarinnar, úrskurður Skipulagsstofnunar og úrskurður umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum. Þá gengu sveitarstjórnarmenn á vettvang áður en ákvörðun um framkvæmdaleyfi var veitt, eins og fram kemur í vætti Elvars Árna Lund og stefnanda, Dagbjarts Boga, fyrir dómi. Annar stefnenda hafði einnig komið á fund hreppsnefndar Öxarfjarðarhrepps og gert grein fyrir sjónarmiðum sínum. Verður samkvæmt framangreindu ekki talið að stefnendur hafi sýnt fram á að rannsóknarregla stjórnsýsluréttar hafi verið brotin áður en stefndi veitti hið umbeðna framkvæmdaleyfi í september 2006.

Eins og fram kemur í bréfi til oddvita Öxarfjarðarhrepps 15. október 2003, létu stefnendur strax í ljós skoðanir sínar á því að fyrirhuguð vegalagning um land Brekku væri þeim á móti skapi. Kemur fram í bréfinu að þessi skoðun þeirra hafi ítrekað komið fram í bréfum til stefndu, Vegagerðarinnar. Lögmaður stefnenda lét margoft í ljós þessa skoðun í bréfum til hreppsnefndar Öxarfjarðarhrepps og lögmanns stefnda, Norðurþings. Þá liggur einnig fyrir að fundi hreppsnefndar Öxarfjarðarhrepps var frestað 4. apríl 2006 til þess að gefa stefnendum kost á að tjá sig fyrir nefndinni um afgreiðslu á beiðni Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi. Stefnandi, Dagbjartur Bogi, kom svo á fund nefndarinnar 27. apríl 2006 og gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum. Í bréfi stefndu, Vegagerðarinnar, til stefnenda, frá 2. maí 2006 eru jafnframt ábendingar til stefnenda um að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við sveitarstjórn. Er samkvæmt framangreindu ekki fallist á þá málsástæðu stefnenda að sveitarfélagið hafi ekki gætt andmælaréttar áður en tekin var endanleg ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfis.

Tilvísun til 14. gr. stjórnsýslulaga er óljós af hálfu stefnenda, en fyrir liggur í málinu að stefnendum var kunnugt um fyrirhugaða vegalagningu frá 15. október 2003, eins og fram kemur í ofangreindu bréfi þeirra til oddvita Öxarfjarðarhrepps. Sú málsástæða stefnenda að stefnendur hafi ekki fengið að kynna sér skjöl og gögn málsins og tilvísan til 15. gr. stjórnsýslulaga í því samhengi er lítt reifuð af hálfu stefnenda, en ráða má af málsatvikakafli í stefnu að stefnendur hafi ekki fengið að kynna sér umsögn sveitarstjórnar stefnda um stjórnsýslukærur vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar. Samkvæmt vætti Elvars Árna Lund, sveitarstjóra, fyrir dómi, fengu stefnendur í hendur umsögn þessa, eftir að hún hafði verið send umhverfisráðherra. Kemur það og fram í bréfi umhverfisráðherra til stefnenda að umsögnin hafi verið send stefnendum áður en úrskurður umhverfisráðherra var upp kveðinn. Verður því ekki séð að þessi málsmeðferð stefnda varði ógildingu ákvörðunar stefnda, Norðurþings, um framkvæmdaleyfi.

Stefnendur halda því fram að fyrirhuguð vegalagning í 1. áfanga, frá Klapparósi að Katastöðum, sé í andstöðu við skipulagshugmyndir Norðurþings, vegna veitingar vilyrðis fyrir byggingu frístundabyggðar á því svæði. Þegar litið er til þess að í afgreiðslu byggingafulltrúa frá 30. september 2002 á erindi annars stefnanda fólst ekki annað en jákvæð afstaða til hugmynda um frístundahús í landi Brekku, og jafnframt tekið fram að ekki sé fjallað um byggingarleyfissókn að svo stöddu, er ekki fallist á þessa málsástæðu stefnenda.

Þegar allt framangreint er virt hafa stefnendur ekki sýnt fram á að framkvæmdaleyfi stefnda hafi verið haldið efnis- eða formannmörkum svo varði ógildingu framkvæmdaleyfis stefnda. Er stefndi, sveitarfélagið Norðurþing, því sýknað af kröfu stefnenda.

Verður þessu næst vikið að ágreiningi um framkvæmd eignarnáms. Stefnendur hafa haldið því fram að hvorki löglærður fulltrúi Vegagerðarinnar né Vegamálastjóri sé bær að lögum til

að taka ákvörðun um eignarnám. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. vegalaga nr. 45/1994, sem í gildi voru á þeim tíma er ákvörðun um eignarnám var tekin, er Vegagerðin veghaldari þjóðvega og sem veghaldari þjóðvega fer hún með eignarnámsheimildir vegna lands undir þjóðvegi, í samræmi við lög og áratuga venjuhelgaða framkvæmd. Ráðherra sá sem fer með samgöngumál hefur yfirstjórn vegamála samkvæmt 4. gr. vegalaga. Ráðherra skipar vegamálastjóra til að stjórna framkvæmdum í þeim málum og veitir vegamálastjóri Vegagerðinni forstöðu. Í athugasemdum með 37. gr. núgildandi vegalaga nr. 80/2007 er kveðið svo á að í því ákvæði sé að finna eignarnámsheimildina sem Vegagerð sé fengin vegna lands sem þurfi til þjóðvegagerðar og veghalds þeirra. Ekki hafi verið ætlun með frunvarpi til nýrra vegalaga að breyta neinu um eignarnámsheimildir Vegagerðarinnar.

Í ljósi framangreinds er ekki fallist á ofangreind sjónarmið stefnenda um að vegamálastjóri eða löglærður fulltrúi hans hafi ekki verið bærir að lögum til að taka umþætta ákvörðun um eignarnám.

Stefnendur hafa einnig haldið því fram að ekki hafi farið fram raunhæfar viðræður um samninga um kaup á eignum áður en þess var óskað að þær væru teknar eignarnámi. Í málinu liggur fyrir bréf stefnenda frá 3. apríl 2006 þar sem fram kemur að stefnendur vilji ekki una úrskurði umhverfisráðuneytisins. Þeir telji hann ekki standast lög og leggist gegn hvers konar framkvæmdum vegna fyrirhugaðrar vegalagningar og banni afdráttarlaust allar framkvæmdir og röskun á sínu landi, sem tilheyri jörðinni Brekku. Þá liggur einnig fyrir í málinu að stefnendum var sent bréf 30. ágúst 2006, þar sem segir m.a. að stefnda vilji, þrátt fyrir afstöðu stefnenda, gera úrslitatilraun til að ná samningum og bjóði fram bætur að fjárhæð 6.715.060 krónur. Var stefnendum veittur frestur í 15 daga til svara, en svar barst ekki innan frestsins og var þá send matsbeiðni til Matsnefndar eignarnámsbóta. Svar stefnenda barst ekki fyrr en með bréfi 6. október 2006 og var þá sú afstaða áréttuð að stefnendur legðust alfarið gegn framkvæmd þeirri sem ætlað væri að fara um veglínu 140 og 141 vestan Katastaða. Stefnda sendi stefnendum bréf sem svar við bréfi þessu þar sem fram kom að hún væri fús til samningaviðræðna, kæmi í ljós vilji stefnenda til þess.

Andstaða stefnenda við fyrirhugaða vegalagningu um jörðina Brekku, var samkvæmt framangreindu ljós, löngu áður en ákvörðun var tekin um eignarnám og hafði ekki breyst er ákvörðun um eignarnám var tekin. Var það augljóslega mat stefndu að samningaleiðin hefði verið reynd án árangurs og lá ljóst fyrir að meginágreiningur stefnenda og stefndu stóð um val á veglínu. Ítrekað hafði komið fram hjá stefndu að hún taldi ekki unnt að verða við þeim kröfum stefnenda að breyta vali á veglínu, m.a. vegna þess að veglína sú sem stefnda taldi heppilegri, var ekki talin liggja eins mikið um hraun og sú veglína sem stefnendur óskuðu að yrði valin, þ.e. veglína 150. Í ljósi framangreinds er það mat dómsins að ekki verði vefengt það mat stefndu að reynt hafi verið að ná samningum við stefnendur áður en málinu var vísað til Matsnefndar eignarnámsbóta.

Þá hafa stefnendur haldið því fram að engin ákvörðun um eignarnám hafi verið lögð fram í málinu og hafi Matsnefnd eignarnámsbóta borið að ganga úr skugga um það hvort eignarnámsheimild hafi verið til staðar. Með úrskurði Matsnefndar eignarnámsbóta frá 28. nóvember 2007 var frávisun málsins frá matsnefndinni hafnað og ekki fallist á það sjónarmið að ekki lægi fyrir lögmæt eignarnámsákvörðun í málinu. Með vísan til framangreinds, svo og ofangreindra röksemda dómsins um aðdraganda þess að málinu var vísað til Matsnefndar eignarnámsbóta er það ljóst að fyrir liggur í málinu lögmæt eignarnámsákvörðun. Þá liggur einnig ljóst fyrir af eignarnámsbeiðni hvaða landsvæði það er, sem eignarnám beindist að, tilgreining þess í ræktunarland, beitiland, heiðaland, sem og tilgreining magns jarðefnis.

Með þingsályktun um samgönguáætlun mat löggjafinnu þörf á veglagningu þeirri sem um er deilt í máli þessu, en löggjafinn á endanlegt mat á því hvort almenningsþörf sé fyrir hendi. Með úrskurði Skipulagsstofnunar var fallist á fyrirhugaðar framkvæmdir samkvæmt veglínnum 140, 141 og 150 og umhverfisráðherra staðfesti þann úrskurð. Að mati dómsins hefur ekki verið sýnt fram á að ómálefnaleg sjónarmið hafi ráðið því að veglína 141 varð

fyrir valinu og að meðalhófs hafi ekki verið gætt, heldur hafi sú ákvörðun verið byggð á rannsóknum og niðurstöðum sem fyrir lágu, er ákvörðun var tekin, m.a. um legu fyrirhugaðs vegar á hrauni og með tilliti til verndar náttúruminja. Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna hefur að mati dómsins ekki rýrt niðurstöður þeirra rannsókna sem fyrir lágu þegar tekin var ákvörðun um veglínu 141 og rennir að mörgu leyti stöðum undir þær niðurstöður. Má þar m.a. nefna niðurstöður varðandi Smalaskál og fornar rústir, en ráða má af málatilbúnaði stefnenda að þá varði miklu að Smalaskál verði ekki fyrir spjöllum vegna umræddrar veglagningar. Þá hefur að mati dómsins ekki verið sýnt fram á að ómálefnaleg sjónarmið hafi ráðið vali á námum til efnistöku.

Þegar allt framangreint er virt, er stefnda, Vegagerðin, sýkn af kröfum stefnenda.

Stefndu, sveitarfélagið Norðurþing, og stefnda, Vegagerðin eru samkvæmt framangreindu sýkn af kröfum stefnenda.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 greiði stefnendur in solidum 400.000 krónur í málskostnað til handa stefndu, Vegagerðinni, og 400.000 krónur í málskostnað til handa stefnda, sveitarfélaginu Norðurþingi.

Ingveldur Einarasdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndu, Vegagerðin og sveitarfélagið Norðurþing, eru sýkn af kröfum stefnenda, Dagbjarts Boga Ingimundarsonar og Rafns Ingimundarsonar.

Stefnendur greiði 400.000 krónur in solidum í málskostnað til hvors stefndu um sig.





Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðarbæjar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

7. desember 2015

**Efni:** Fyrirspurn og beiðni um rökstuðning vegna afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs á erindi vegna gerð göngustígs innan lóðarmarka Linnetsstígs 9A.

## 1 Inngangur

Rétt þykir að byrja að benda á að ekki eru gerðar athugasemdir við að gangstígur sé gerður við lóðarmörk, heldur eru gerðar athugasemdir við að verið sé að gera gangstíg innan lóðarmarka Linnetsstígs 9A. Athugasemdin sneri að skerðingu á eignarrétti. En í fundargerð og afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs, dags. 1. desember 2015 segir:

*„Tekið fyrir að nýju erindi eigenda Linnetsstígs 9 þar sem mótmælt er fyrirhuguðum framkvæmdum á stíg við lóðarmörk þeirra.“*

## 2 Fyrirspurn:

Þrátt fyrir afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs er undirrituðum enn ekki ljóst á hverju ákvörðun um göngustíg í gegnum lóð þeirra grundvallast. Óskað er eftir upplýsingum um hvenær ákvörðun var tekin um gerð gangstígsins og hver hafi verið undanfari þeirrar ákvörðunar.

## 3 Beiðni um rökstuðning:

Óskað er eftir rökstuðningi, sbr. 21. og 22. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og nánari skýringum með sérstakri hliðsjón af eftirfarandi atriðum.

### 3.1 Gildistaka deiluskipulags

Í fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá fundi ráðsins þann 1. desember 2015 kemur fram að gerð gangstígsins sé í samræmi við gildandi deiluskipulag. Undirrituðum var afhent tillaga að deiluskipulagi. Í deiluskipulagstillögu kemur ekki fram hvenær hún tekur gildi. Óskað er eftir upplýsingum um hvenær deiluskipulagið tók gildi. Í gögnum málsins kemur ekki heldur fram hvenær deiluskipulagið var birt í stjórnartíðindum og undirrituð fundu deiluskipulagið ekki í stjórnartíðindum. Óskað er eftir upplýsingum um hvenær deiluskipulagið var birt í stjórnartíðindum og gögnum því til stuðnings.

### 3.2 Upplýsingar í deiliskipulagi um gangstíg

Undirrituð finna ekki í deiluskipulagstillögu eða í greinargerð hennar upplýsingar um gerð göngustígs að Linnetsstíg 9B og ekki heldur uppdrátt af lóð Linnetsstígs 9A þar sem sjá má mæld lóðarmörk. Óskað er eftir upplýsingum um hvar sé fjallað um umræddan gangstíg í tilvitnuðu deiluskipulagi. Sérstaklega er fjallað um stíga án þess að umræddur stígur sé nefndur:

## **„Stígur**

*Gert er ráð fyrir nýjum göngustíg milli Austurgötu og Hverfisgötu og liggur við hús nr. 17 við Austurgötu. Þá er gert ráð fyrir göngustíg frá lóð Hverfisgötu 22 að Austurgötu við lóð nr. 21. Sá stígur engist gönguleið um lóð nr. 22 við Austurgötu um opið svæði að Gunnarssundi og miðbænum. Göngustígur er milli Hverfisgötu 35-37 nær upp á Vitastíg.“*

### **3.3 Gildi „mæliblaðs í vinnslu“**

Í málinu liggja fyrir tvö ósamrýmanleg eintök af „mæliblaði í vinnslu“, sjá fylgiskjöl 1 og 2. Þau eru bæði dagsett 12.2013 og ekki er sérstaklega getið um breytingar. Óskað er eftir skýringum á því hvers vegna tvö ósamrýmanleg eintök séu til staðar af sama gagni. Fylgiskjal 1 var afhent undirrituðum af starfsmönnum bæjarins þegar gera átti gangstíg í gegnum lóð þeirra þann 23. október 2015. Fylgiskjal 2 var lagt fyrir skipulags- og byggingarráð þann 1. desember 2015 af starfsmönnum bæjarfélagsins. Þá er óskað eftir upplýsingum hvaða gildi þetta gagn hafi og hvers vegna það hafi verið lagt fyrir skipulags- og byggingarráð. Það er ekki að finna í umræddu deiluskipulagi og er ekki heldur hluti af því.

### **3.4 Afgreiðsla byggist á röngum staðreyndum**

Af „mæliblaði í vinnslu“ sem lagt var fyrir skipulags- og byggingarráð má greina að afgreiðsla ráðsins byggist á röngum staðreyndum. Uppdrátturinn er ekki í samræmi við þinglýstan erfðafestusamning um Linnetsstíg 9A. Í erfðafestusamningnum segir:

*„ ... frá suðurhorni þessarar línu er lóðin 13 m. löng, mæld til norðausturs meðfram „Linnetslóð“.“*

Samkvæmt upprættinum er sú hlið lóðarinnar sem liggur meðfram Linnetsstíg (Linnetslóð) til norðausturs 12 m. en með réttu á sú hlið að vera 13 m. Nánar má sjá útskýringar á fylgiskjali 3. Grænlistaður er sá hluti gangstígsins sem er innan lóðarmarka Linnetsstígs 9A.

## **4 Samantekt**

Með hliðsjón af fyrrgreindum staðreyndum er óskað eftir upplýsingum um hvaða gögn það séu sem sýni fram á að gagnstígur, sem væri 1,5 m. á breidd, sé í landi sveitarfélagsins og fari ekki inn á lóð Linnetsstígs 9A. Lóðin er ekki stór og því munar um hvern fermetra.

Að lokum er óskað eftir því að rökstuðningur taki mið af því sem kemur fram í upphaflegu erindi, sjá fylgiskjal 4. Sérstaklega þykir rétt að benda að deiluskipulag getur ekki breytt eignarheimildum samkvæmt þinglýstum samning um erfðafestu, sbr. 1. mgr. 29. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

*„3. Hvaða réttindi séu háð þinglýsingu og að hverju marki.*

*29. gr. Réttindum yfir fasteign skal þinglýsa til þess að þau haldi gildi gegn þeim, er reisa rétt sinn á samningum um eignina, og gegn skuldheimtumönnum eiganda eða annars rétthafa að eign.“*

Kári Húnfjörð Einarsson og Björk Ágústsdóttir